

HANDBÓK ALÞINGIS



HANDBÓK ALÞINGIS

2007

*Skrifstofa Alþingis gaf út
Reykjavík 2008*

HANDBÓK ALÞINGIS 2007

Helstu skrár unnu:
Berglind Steinsdóttir,
Helgi Bernóðusson,
Hlöðver Ellertsson,
Jón E. Böðvarsson og
Vigdís Jónsdóttir.

Frágangur texta:
Berglind Steinsdóttir,
Birgitta Bragadóttir,
Guðrún Þóra Guðmannsdóttir,
Jóhannes Halldórsson,
Laufey Einarsdóttir,
Solveig K. Jónsdóttir,
Vigdís Jónsdóttir og
Þórdís Kristleifsdóttir.

Ljósmyndir:
Bragi Þór Jósefsson o.fl.

EFNISYFIRLIT

<i>Formáli</i>	7
<hr/>	
Breytingar á þingsköpum 2007	9
<i>Skipan þingsins</i>	15
<hr/>	
Alþingismenn	16
Forsætisnefnd Alþingis kjörin 31. maí 2007	20
Þingflokkar	21
Stjórnir þingflokka	24
Alþingismenn eftir kjördæmum	25
Varaþingmenn	28
Fastanefndir Alþingis	32
Alþjóðanefndir Alþingis	36
<i>Æviskrár alþingismanna</i>	39
<hr/>	
Æviágrip þingmanna kjörinna 12. maí 2007	41
Æviágrip nýs þingmanns	129
Æviskrár þingmanna sem tóku sæti á Alþingi á seinasta kjörtímabili	130
<i>Alþingiskosningar 12. maí 2007</i>	137
<hr/>	
Kosningaúrslit	139
Úthlutun kjördæmissæta	140
Skipting jöfnunarsæta	143
Úthlutun jöfnunarsæta	144
<i>Um alþingismenn 2007</i>	147
<hr/>	
Meðalaldur nýkjörinna þingmanna o.fl.	149
Þingaldur alþingismanna	151

Fæðingarár alþingismanna	154
Fyrsta þing alþingismanna	156
Aldursforseti	158
<i>Yfirlitsskrár um alþingismenn</i>	161
Varaþingmenn á Alþingi 2003–2007	163
Breytingar á skipan Alþingis 2003–2007	170
Lengsta þingseta, yngstu þingmenn o.fl.	172
Nýir þingmenn á Alþingi 1934–2007	176
Formenn fastanefnda 2003–2007	177
Konur á Alþingi	180
Fyrrverandi alþingismenn	188
<i>Skrá um forseta Alþingis og tölu þinga</i>	211
Forsetar Alþingis 1845–2008	213
Ráðgjafarþing 1845–1873	218
Löggjafarþing 1875–2008	219
<i>Ráðherrar og ráðuneyti</i>	225
Ráðherrar og ráðuneyti 1904–2008	227
<i>Viðauki</i>	253
Stjórnir, nefndir og ráð kosin af Alþingi	255
Stofnanir er heyra undir Alþingi	263
Starfsmenn skrifstofu Alþingis	267
Starfsmenn þingflokka	273
Aðstoðarmenn þingmanna	274
Skrár í handbókum Alþingis 1991, 1995, 1999 og 2003 sem ekki eru birtar í þessu riti	276

FORMÁLI

Handbók Alþingis er nú gefin út í sjöunda sinn. Hún hefur komið út á fyrsta reglulega þingi eftir hverjar alþingiskosningar en tæp 25 ár eru síðan fyrsta handbókin var gefin út, vorið 1984.

Með útgáfu handbókarinnar er nú sem fyrr reynt að koma á framfæri upplýsingum um Alþingi og alþingismenn sem nýst geta öllum þeim sem eiga regluleg samskipti við Alþingi, svo sem starfsfólki Stjórnarráðsins og ríkisstofnana, fjölmiðla, félagasamtaka o.fl. Þá er í handbókinni tekinn saman ýmiss konar fróðleikur um þingið og alþingismenn sem oft er spurt um eða fræðimenn og aðrir áhugamenn um þingið og stjórnámál almennt hafa gagn og ánægju af að rýna í. Handbókin hefur einnig reynst gagnleg alþingismönnum og starfsfólki Alþingis.

Efnisskipan bókarinnar tekur mið af þessum tilgangi hennar og er í nokkuð föstum skordum. Þar er að finna upplýsingar um alþingiskosningarnar 12. maí 2007, skipan þingsins og ýmsar skrár um alþingismenn. Æviskrár alþingismanna eru að mestu leyti eins og í Alþingismannatali og á vef Alþingis, en þó dálítið styttrar. Birtar eru upplýsingar um uppruna, menntun, störf og stjórn mála-afskipti. Líkt og áður eru sumar eldri skrár, sem finna má í handbókunum, ekki prentaðar aftur heldur er vísað til þeirra í lista í viðauka aftast í handbókinni. Aðrar skrár hafa verið unnar að nýju eða aukið við þær upplýsingum frá síðasta kjörtímabili.

Nýjung er að í handbókinni er birt yfirlit yfir aðstoðarmenn alþingismanna, en samkvæmt reglum forsætisnefndar, sem voru samþykktar í mars 2008, eiga alþingismenn, sem kjörnir eru í Norðvestur-, Norðaustur- og Suðurkjördæmum og eru ekki jafnframt ráðherrar, rétt á að ráða sér aðstoðarmann í þriðjungsstarf og formenn flokka í stjórnarandstöðu rétt á að ráða sér aðstoðarmann í heilt starf.

Á síðasta ári samþykkti Alþingi umfangsmiklar breytingar á þingsköpum og er gerð grein fyrir helstu nýmælum, sem í þeim felast, í handbókinni.

Eins og gefur að skilja verða ýmsar breytingar á skipan þingsins og högum þingmanna á hverju kjörtímabili. Með þessum breytingum má fylgjast á vef Alþingis þar sem leitast er við að hafa sem nýjastar og uppfærðar upplýsingar hverju sinni.

Alþingi, 25. júní 2008.

Sturla Böðvarsson.

Breytingar á þingsköpum 2007

Allmiklar breytingar urðu á þingsköpum með lagabreytingum sem tóku gildi 4. apríl 2007 (lög nr. 68/2007) og 1. janúar 2008 (lög nr. 161/2007). Með lögnum sem tóku gildi 4. apríl 2007 voru eingöngu gerðar breytingar sem samkomulag var um auk ýmissa tæknilegra lagfæringa. Í síðari breytingunni var tekið á þeim atriðum sem ágreiningur var um, svo sem um ræðutíma og lengingu á starfstíma Alþingis. Þá varð breyting á nefndaskipan Alþingis með lögum nr. 102/2007 samhliða breytingum á Stjórnarráði Íslands. Til glöggvunar eru hér rakin í stuttu máli helstu nýmælin í þessum lögum.

I. STJÓRN OG SKIPULAG ÞINGSTARFA

Kosning forseta, varaforseta og nefnda gildir nú út kjörtímabilið í stað þess að kosið sé í upphafi hvers þings. Með þessari breytingu var stefnt að því að koma meiri festu á störf þingsins. Þó er heimilt að kjósa að nýju í þessi embætti og nefndir hvenær sem er. Samhliða þessu var afnumin sú regla að aukinn meiri hluta þyrfti til að víkja forseta úr embætti. Þingflokkur sem ekki á fulltrúa í forsætisnefnd getur nú tilnefnt áheyrnarfulltrúa.

Lögfest var að forseta Alþingis bæri að sjá til þess að störf þingsins væru í samræmi við stjórnarskrá, þingsköp og önnur lög. Þá er nú mælt fyrir um að þingmenn geti beint til hans fyrirspurnum um stjórnarsýslu þingsins. Vald til að ráða í störf hjá Alþingi var fært frá forseta til skrifstofustjóra. Þá var afnumin sú skylda að halda sérstaka gerðabók um það sem gerist á þingfundum, en B-deild Alþingistíðinda er nú gerðabók þingsins. Enn fremur var lögfest sérstakt ákvæði um skjalasafn Alþingis.

Skýrara er nú kveðið á um að forsætisnefnd Alþingis skuli gera starfsáætlun fyrir hvert þing auk þess sem mælt er fyrir um hvað eigi að koma fram í áætluninni. Þar er gert ráð fyrir að starfstíma þingsins skuli að jafnaði skipt í fjórar annir: haustþing frá

þingsetningu fram að jólahléi, vetrarþing að loknu jólahléi fram að dymbilviku, vorþing að lokinni páskaviku til loka maímánaðar og þing- og nefndafundi í september. Septemberfundir þingsins eru nýmæli. Með þeim gefst færi á að ljúka umfjöllun og afgreiðslu þingmála sem ekki vannst tími til að afgreiða að vori. Þó að þessar breytingar feli í sér lengingu á starfstíma þingsins fjölgar þingfundadögum ekki, heldur er miðað við að þeir dreifist betur yfir árið. Þingmönnum gefst þá aukinn tími til að sinna störfum í nefndum og þingflokkum og vinna í kjördæmum sínum, en í starfsáætlun skal ráðstafa ákveðnum dögum til þessara verkefna.

Í tengslum við þessar breytingar er nú mælt fyrir um að forseti þingsins geti gert hlé á þingstörfum í samræmi við starfsáætlun. Honum er þó skylt að boða til fundar ef ósk berst um það frá forsætisráðherra eða meiri hluta þingmanna.

Með breytingu á þingsköpum var stefnt að því að draga úr kvöld- og næturfundum. Sett var ákvæði um að reglulegir þingfundir skyldu almennt ekki standa lengur en til kl. 8 síðdegis en heimilt væri að víkja frá því með samkomulagi þingflokka eða samþykki þingsins (meiri hluta). Þá getur forseti ákveðið að þingfundur standi til miðnættis á þriðjudagskvöldum.

Til að stofna nýjan þingflokk þarf nú þrjá þingmenn í stað tveggja áður. Tveir þingmenn geta þó myndað þingflokk ef þeir eru kjörnir á listum sama stjórnmálaflokks.

II. NEFNDIR ÞINGSINS

Málefni viðskipta voru færð frá efnahags- og viðskiptanefnd til nýrrar viðskiptanefndar og heiti fyrrgreindu nefndarinnar breytt í efnahags- og skattanefnd. Tryggingamálefni voru færð frá heilbrigðis- og trygginganefnd til félagsmálanefndar og heitum nefndanna breytt til samræmis. Þá voru landbúnaðar- og sjávarútvegsnefndir sameinaðar.

Reglur um kosningu í alþjóðanefndir voru felldar inn í þingsköp og þeim nefndum sem komið hafði verið á fót síðan 1991 bætt við upptalningu þeirra.

Reglum um afsögn og frávikningu formanna nefnda var breytt.

Afsögn er ekki lengur háð samþykki nefndarinnar og meiri hluti hennar getur samþykkt að kjósa nýjan formann í stað þess að aukinn meiri hluta þurfti til að víkja formanni úr embættinu.

Nýmæli er að þriðjungur nefndarmanna getur óskað eftir því að ráðherra komi á fund nefnda í þinghléum. Þá er ráðherrum gert að koma á fund þingnefnda á fyrstu vikum þings og kynna þau þingmál sem áætlað er að leggja fram á þinginu. Þessar breytingar miða að því að tengja betur störf ráðherra og þingnefnda og efla eftirlitshlutverk þeirra. Þá var það nýmæli tekið upp að þingnefndum er veitt heimild til að gera tillögu til þingsályktunar í skýrslu sem þær gera um mál sem þær hafa tekið upp að eigin frumkvæði.

III. MEÐFERÐ ÞINGMÁLA

Um framlagningu lagafrumvarpa og tillagna til þingsályktunar gildir nú að ef slík þingmál eru lögð fram eftir lok nóvembermánaðar og fram að jólahléi og frá 1. apríl fram að sumarhléi þarf samþykki þings (meiri hluta) til að hægt sé að leggja málið fram. Áður þurfti slíkt samþykki ef frumvarp var lagt fram sex mánuðum eftir þingsetningu. Þá er kveðið á um það í þingsköpum hvaða aðilar geti staðið að flutningi lagafrumvarpa og þingsályktunartillagna. Það nýmæli er þar að þingflokkar hafa ásamt forsætisnefnd sérstaka heimild til að flytja slík þingmál.

Reglum var breytt í því augnamiði að fækka atkvæðagreiðslum um atriði sem eru ágreiningslaus. Aðeins er gert ráð fyrir að atkvæðagreiðsla fari fram að lokinni 1. umræðu um lagafrumvörp og fyrri umræðu um þingsályktunartillögur ef einhver þingmaður fer fram á það. Ganga nú þingmál alla jafna til nefnda strax að lokinni 1. eða fyrri umræðu án atkvæðagreiðslu. Þá var með orðalagsbreytingu skotið stóðum undir þá framkvæmd að láta greiða atkvæði í einu lagi um margar greinar frumvarps, þingsályktunartillögu eða breytingartillögu við 2. umræðu ef enginn ágreiningur er um þær. Enn fremur var aukið við heimild forseta til að láta yfirlýsingu koma í stað atkvæðagreiðslu ef enginn þingmaður fer fram á að atkvæðagreiðsla fari fram. Sú heimild er ekki lengur bundin við tilvik þar sem ætla má að allir séu á einu máli, heldur

getur hún líka átt við þegar forseti telur að úrslit máls séu ljós fyrir fram.

Meginreglan samkvæmt nágildandi þingsköpum er að nota skuli rafeindabúnað við atkvæðagreiðslu. Ef það er ekki hægt fer fram atkvæðagreiðsla með handauppréttingu. Hver þingmaður réttir upp hönd annaðhvort með eða á móti máli eða greiðir því ekki atkvæði. Forseta er þó heimilt að láta fara fram nafnakall auk þess sem kveðið er á um að hann skuli verða við beiðni þingmanns um að atkvæðagreiðsla fari þannig fram. Sett var ákvæði í þingsköp þar sem veitt er heimild til að endurtaka atkvæðagreiðslu og koma að leiðréttingum í samræmi við það sem tíðkast hefur.

Nýmæli er um að lagafrumvörp fari aftur til umfjöllunar nefndar að lokinni 2. umræðu ef breytingar hafa verið samþykktar á því og þingmaður eða ráðherra óskar eftir því.

Þingskýltunartillögur frá nefndum ásamt tillögum um skipan rannsóknarnefnda skal nú afgreiða eftir aðeins eina umræðu líkt og tillögur um frestun funda og vantraust.

Óundirbúnir fyrirspurnatímar skulu að jafnaði vera tvisvar í hverri heilli starfsviku í stað tvisvar sinnum í mánuði eins og áður var. Forsætisráðherra skal tilkynna fyrir tiltekinn tíma hvaða ráðherrar verði til svara næstu viku hverju sinni. Enn fremur varð sú breyting að umræður um störf þingsins eru nú dagskrárliður, þær eru að jafnaði tvisvar í viku og geta staðið í allt að hálf tíma í stað 20 mínútna áður.

IV. UMRÆÐUR

Allmiklar breytingar voru gerðar á reglum um ræðutíma og ræðufjölda á þingfundum sem miða að því að gera umræður markvissari, draga úr löngum ræðum og stytta umræðutíma frá því sem áður var. Ákvæði um ræðutíma höfðu verið á víð og dreif í þingsköpum en þeim er nú skipað í eina grein (80. gr.) sem tekur til umræðna um allar tegundir þingmála. Áður giltu um flestar umræður ákveðin tímamörk, ýmist þannig að lengd hverrar ræðu var takmörkuð eða kveðið var á um að umræðan í heild tæki ákveðinn tíma. Þetta átti þó ekki við um 2. og 3. umræðu um lagafrum-

vörp og síðari umræðu um þingsályktunartillögur. Hins vegar var ræðufjöldi flutningsmanns, framsögumanns nefndar og annarra þingmanna takmarkaður í þessum umræðum.

Með nýjum reglum eru allar þessar umræður einnig háðar tímatakmörkunum en takmarkanir á ræðufjölda felldar niður. Þá hefur ræðutími annarra en flutningsmanna verið stytur lítilliga við 1. umræðu um lagafrumvörp. Lítils háttar breytingar voru gerðar á ræðutíma við fyrri umræðu um þingsályktunartillögur og við umræður um skýrslur. Aðeins er gert ráð fyrir að fyrirspyrjandi og ráðherra geti talað tvisvar í óundirbúnum fyrirspurnatíma í stað þrisvar áður.

Ákveðnar undanþágur gilda frá þessum takmörkunum á ræðutíma. Þannig er forseta veitt heimild til að rýmka ræðutímann ef þingmál er umfangsmikið eða mikilvægt, svo og ræðutíma þingmanns ef sérstaklega stendur á og nauðsyn krefur. Tvívegis á hverju þingi getur þingflokkur einnig með rökstuddri beiðni farið fram á það við forseta að ræðutíminn verði tvöfaldaður við 2. umræðu um lagafrumvörp og skal þá orðið við því. Við umræður um frumvarp til fjárlaga skal vera tvöfaldur sá tími sem mælt er fyrir um í 80. gr. nema fyrir liggja samkomulag þingflokka um annað fyrirkomulag.

Það nýmæli er í þingsköpum að ef forseti ákveður með samþykki þingflokka annan ræðutíma en er samkvæmt þingsköpum skal skipta honum því sem næst að hálfu jafnt milli flokkanna og að hálfu með hliðsjón af stærð þingflokkanna.

V. STEFNURÆÐA FORSÆTISRÁÐHERRA OG ÚTVARP UMRÆÐU

Nánar er nú kveðið á um hvernig ákveða skuli fyrirkomulag umræðu um stefnuræðu forsætisráðherra í upphafi þings, svo og almennra stjórn málaumræðna (eldhúsdagsumræðna) á síðari hluta þings. Stefnuræðuna skal afhenda þingmönnum sem trúnaðarmál tveimur sólarhringum fyrir flutning í stað þriggja daga áður auk þess sem ræðunni skal fylgja listi yfir þingmál sem einstakir ráðherrar hyggjast leggja fram á þinginu.

Nú er mælt fyrir um útvarp umræðu í einni grein en ýmis

ákvæði um það þóttu úrelt og voru felld brott. Möguleiki þingflokks til að knýja fram útvarp umræðu um þingmál gegn vilja meiri hluta þingmanna var afdnuminn.

SKIPAN ÞINGSINS



Alþingismenn

(kjörnir 12. maí 2007*)

Nafn	Flokkur	Fæðingar- dagur og ár
1. Arnbjörg Sveinsdóttir	(S)	18/2 '56
2. Atli Gíslason	(Vg)	12/8 '47
3. Ágúst Ólafur Ágústsson	(Sf)	10/3 '77
4. Álfheiður Ingadóttir	(Vg)	1/5 '51
5. Ármann Kr. Ólafsson	(S)	17/7 '66
6. Árni Páll Árnason	(Sf)	23/5 '66
7. Árni Johnsen	(S)	1/3 '44
8. Árni M. Mathiesen, fjármálaráðherra	(S)	2/10 '58
9. Árni Þór Sigurðsson	(Vg)	30/7 '60
10. Ásta R. Jóhannesdóttir, 1. varaforseti	(Sf)	16/10 '49
11. Ásta Möller	(S)	12/1 '57
12. Birgir Ármannsson	(S)	12/6 '68
13. Birkir J. Jónsson	(F)	24/7 '79
14. Bjarni Benediktsson	(S)	26/1 '70
15. Bjarni Harðarson	(F)	25/12 '61
16. Björgvin G. Sigurðsson, viðskiptaráðherra	(Sf)	30/10 '70
17. Björk Guðjónsdóttir	(S)	16/1 '54
18. Björn Bjarnason, dóms- og kirkjumálaráðherra	(S)	14/11 '44
19. Einar K. Guðfinnsson, sjávarútv.- og landbúnaðarráðherra	(S)	2/12 '55
20. Einar Oddur Kristjánsson**	(S)	26/12 '42
21. Einar Már Sigurðarson, 4. varaforseti	(Sf)	29/10 '51
22. Ellert B. Schram	(Sf)	10/10 '39
23. Geir H. Haarde, forsætisráðherra	(S)	8/4 '51
24. Grétar Mar Jónsson	(Fl)	29/4 '55
25. Guðbjartur Hannesson	(Sf)	3/6 '50
26. Guðfinna S. Bjarnadóttir	(S)	27/10 '57
27. Guðjón A. Kristjánsson	(Fl)	5/7 '44
28. Guðlaugur Þór Þórðarson, heilbrigðisráðherra	(S)	19/12 '67
29. Guðni Ágústsson	(F)	9/4 '49
30. Gunnar Svavarsson	(Sf)	26/9 '62

*Nefndaskipan og ráðherraembætti eru miðuð við 1. janúar 2008.

**Lést 14. júlí 2007. Herdís Þórðardóttir tók seti hans; sjá upplýsingar um hana aftast í skránni.

Lögheimili	Kjördæmi og kosning	Nefndir
Seyðisfirði	Norð aust., 5. þm.	k, sl.
Reykjavík	Suðurk., 7. þm.	a, k, sl.
Reykjavík	Reykv. s., 4. þm.	a, h, v.
Reykjavík	Reykv. s., 11. þm.	h, i.
Kópavogi	Suðvest., 4. þm.	fl, ft, sg.
Reykjavík	Suðvest., 11. þm.	h, ut, v.
Vestmannaeyjum	Suðurk., 6. þm.	ft, sg.
Kirkjuholli, Hellu	Suðurk., 1. þm.	
Reykjavík	Reykv. n., 9. þm.	sg, um.
Reykjavík	Reykv. s., 8. þm.	ft, k, ut.
Reykjavík	Reykv. s., 7. þm.	fl, h.
Reykjavík	Reykv. s., 9. þm.	a, k, v.
Siglufirði	Norð aust., 6. þm.	ft, v.
Garðabæ	Suðvest., 3. þm.	es, k, ut.
Selfossi	Suðurk., 8. þm.	fl.
Skarði, Skeiða- og Gnúpverjahreppi	Suðurk., 2. þm.	
Reykjanesbæ	Suðurk., 9. þm.	fl, i, v.
Reykjavík	Reykv. s., 6. þm.	
Bolungarvík	Norðvest., 5. þm.	
Sólbakka, Flateyri	Norðvest., 8. þm.	
Neskaupstað	Norð aust., 7. þm.	i, m.
Reykjavík	Reykv. n., 11. þm.	a, es, h.
Reykjavík	Reykv. s., 1. þm.	
Sandgerði	Suðurk., 10. þm.	i, sl.
Akranesi	Norðvest., 2. þm.	fl, ft, m.
Reykjavík	Reykv. n., 3. þm.	um, ut, v.
Ísafirði	Norðvest., 6. þm.	fl, sg.
Reykjavík	Reykv. n., 1. þm.	
Selfossi	Suðurk., 3. þm.	i, sg.
Hafnarfirði	Suðvest., 2. þm.	es, fl, sl.

Nafn	Flokkur	Fæðingardagur og ár
31. Helgi Hjörvar	(Sf)	9/6 '67
32. Höskuldur Þórhallsson	(F)	8/5 '73
33. Illugi Gunnarsson	(S)	26/8 '67
34. Ingbjörg Sólrún Gísladóttir, utanríkisráðherra	(Sf)	31/12 '54
35. Jóhanna Sigurðardóttir, félags- og tryggingamálaráðherra	(Sf)	4/10 '42
36. Jón Bjarnason	(Vg)	26/12 '43
37. Jón Gunnarsson	(S)	21/9 '56
38. Jón Magnússon	(Fl)	23/3 '46
39. Karl V. Matthíasson	(Sf)	12/8 '52
40. Katrín Jakobsdóttir	(Vg)	1/2 '76
41. Katrín Júlíusdóttir	(Sf)	23/11 '74
42. Kjartan Ólafsson, 3. varaforseti	(S)	2/11 '53
43. Kolbrún Halldórsdóttir	(Vg)	31/7 '55
44. Kristinn H. Gunnarsson	(Fl)	19/8 '52
45. Kristján Þór Júlíusson	(S)	15/7 '57
46. Kristján L. Möller, samgönguráðherra	(Sf)	26/6 '53
47. Lúðvík Bergvinsson	(Sf)	29/4 '64
48. Magnús Stefánsson, 5. varaforseti	(F)	1/10 '60
49. Ólöf Nordal	(S)	3/12 '66
50. Pétur H. Blöndal	(S)	24/6 '44
51. Ragnheiður E. Árnadóttir	(S)	30/9 '67
52. Ragnheiður Ríkharðsdóttir, 6. varaforseti	(S)	23/6 '49
53. Sigurður Kári Kristjánsson	(S)	9/5 '73
54. Siv Friðleifsdóttir	(F)	10/8 '62
55. Steingrímur J. Sigfússon	(Vg)	4/8 '55
56. Steinunn Valdís Óskarsdóttir	(Sf)	7/4 '65
57. Sturla Böðvarsson, forseti Alþingis	(S)	23/11 '45
58. Valgerður Sverrisdóttir	(F)	23/3 '50
59. Þorgerður K. Gunnarsdóttir, menntamálaráðherra	(S)	4/10 '65
60. Þórunn Sveinbjarnardóttir, umhverfisráðherra	(Sf)	22/11 '65
61. Puriður Backman, 2. varaforseti	(Vg)	8/1 '48
62. Ögmundur Jónasson	(Vg)	17/7 '48
63. Össur Skarphéðinsson, iðnaðarráðherra	(Sf)	19/6 '53
Herdís Þórðardóttir	(S)	31/1 '53

Lögheimili	Kjördæmi og kosning	Nefndir
Reykjavík	Reykv. n., 7. þm.	k, sl, um.
Reykjavík	Norðaust., 10. þm.	m, um, v.
Reykjavík	Reykv. s., 3. þm.	fl, m, um.
Reykjavík	Reykv. s., 2. þm.	
Reykjavík	Reykv. n., 5. þm.	
Blönduósi	Norðvest., 4. þm.	fl, v.
Kópavogi	Suðvest., 7. þm.	ft, sl, v.
Reykjavík	Reykv. s., 10. þm.	a, k.
Borgarnesi	Norðvest., 7. þm.	a, sg, sl.
Reykjavík	Reykv. n., 4. þm.	es, m.
Kópavogi	Suðvest., 5. þm.	i, m, um.
Hlöðutúni, Selfossi	Suðurk., 4. þm.	sl, um.
Reykjavík	Reykv. s., 5. þm.	m, um.
Bolungarvík	Norðvest., 9. þm.	ft, ut.
Akureyri	Norðaust., 1. þm.	fl, i.
Siglufirði	Norðaust., 3. þm.	
Vestmannaeyjum	Suðurk., 5. þm.	es, k, ut.
Ólafsvík	Norðvest., 3. þm.	es, k.
Egilsstöðum	Norðaust., 9. þm.	a, sg, um.
Reykjavík	Reykv. n., 6. þm.	es, ft, h.
Garðabæ	Suðvest., 9. þm.	es, i, ut.
Mosfellsbæ	Suðvest., 12. þm.	h, m.
Reykjavík	Reykv. n., 8. þm.	a, m.
Seltjarnarnesi	Suðvest., 10. þm.	a, ut.
Gunnarsstöðum, Þistilfirði	Norðaust., 4. þm.	ut.
Reykjavík	Reykv. n., 10. þm.	fl, sg.
Stykkishólmi	Norðvest., 1. þm.	
Lómatjörn, Grýtubakkahreppi	Norðaust., 2. þm.	h, sl.
Hafnarfirði	Suðvest., 1. þm.	
Garðabæ	Suðvest., 8. þm.	
Egilsstöðum	Norðaust., 8. þm.	h.
Reykjavík	Suðvest., 6. þm.	es, ft.
Reykjavík	Reykv. n., 2. þm.	
Akranesi	Norðvest., 8. þm.	i, sg.

Skammstafanir:

a = allsherjarnefnd, es = efnahags- og skattanefnd, ft = félags- og tryggingamálanefnd, fl = fjárlaganefnd, h = heilbrigðisnefnd, i = iðnaðarnefnd, k = kjörbréfanefnd, m = menntamálanefnd, sg = samgöngunefnd, sl = sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd, um = umhverfisnefnd, ut = utanríkismálanefnd, v = viðskiptanefnd, F = Framsóknarflokkur Fl = Frjálslyndi flokkurinn, S = Sjálfstæðisflokkur, Sf = Samfylkingin, Vg = Vinstri hreyfingin – grænt framboð

Forsætisnefnd Alþingis

(kjörin 31. maí 2007)

Sturla Böðvarsson, forseti Alþingis,
Ásta R. Jóhannesdóttir, 1. varaforseti,
Puríður Backman, 2. varaforseti,
Kjartan Ólafsson, 3. varaforseti,
Einar Már Sigurðarson, 4. varaforseti,
Magnús Stefánsson, 5. varaforseti,
Ragnheiður Ríkharðsdóttir, 6. varaforseti.

Þingflokkar

(janúar 2008)

FRAMSÓKNARFLOKKUR:

1. Birkir J. Jónsson, 6. þm. Norðaust.
2. Bjarni Harðarson, 8. þm. Suðurk.
3. Guðni Ágústsson, 3. þm. Suðurk.
4. Höskuldur Þórhallsson, 10. þm. Norðaust.
5. Magnús Stefánsson, 3. þm. Norðvest.
6. Sív Friðleifsdóttir, 10. þm. Suðvest.
7. Valgerður Sverrisdóttir, 2. þm. Norðaust.

FRJÁLSLYNDI FLOKKURINN:

1. Grétar Mar Jónsson, 10. þm. Suðurk.
2. Guðjón A. Kristjánsson, 6. þm. Norðvest.
3. Jón Magnússon, 10. þm. Reykv. s.
4. Kristinn H. Gunnarsson, 9. þm. Norðvest.

SAMFYLKINGIN:

1. Ágúst Ólafur Ágústsson, 4. þm. Reykv. s.
2. Árni Páll Árnason, 11. þm. Suðvest.
3. Ásta R. Jóhannesdóttir, 8. þm. Reykv. s.
4. Björgvin G. Sigurðsson, 2. þm. Suðurk.
5. Einar Már Sigurðarson, 7. þm. Norðaust.
6. Ellert B. Schram, 11. þm. Reykv. n.
7. Guðbjartur Hannesson, 2. þm. Norðvest.
8. Gunnar Svavarsson, 2. þm. Suðvest.
9. Helgi Hjörvar, 7. þm. Reykv. n.
10. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, 2. þm. Reykv. s.
11. Jóhanna Sigurðardóttir, 5. þm. Reykv. n.
12. Karl V. Matthíasson, 7. þm. Norðvest.
13. Katrín Júlíusdóttir, 5. þm. Suðvest.
14. Kristján L. Möller, 3. þm. Norðaust.

15. Lúðvík Bergvinsson, 5. þm. Suðurk.
16. Steinunn Valdís Óskarsdóttir, 10. þm. Reykv. n.
17. Þórunn Sveinbjarnardóttir, 8. þm. Suðvest.
18. Össur Skarphéðinsson, 2. þm. Reykv. n.

SJÁLFSTÆÐISFLOKKUR:

1. Arnbjörg Sveinsdóttir, 5. þm. Norðaust.
2. Ármann Kr. Ólafsson, 4. þm. Suðvest.
3. Árni Johnsen, 6. þm. Suðurk.
4. Árni M. Mathiesen, 1. þm. Suðurk.
5. Ásta Möller, 7. þm. Reykv. s.
6. Birgir Ármannsson, 9. þm. Reykv. s.
7. Bjarni Benediktsson, 3. þm. Suðvest.
8. Björk Guðjónsdóttir, 9. þm. Suðurk.
9. Björn Bjarnason, 6. þm. Reykv. s.
10. Einar K. Guðfinnsson, 5. þm. Norðvest.
11. Geir H. Haarde, 1. þm. Reykv. s.
12. Guðfinna S. Bjarnadóttir, 3. þm. Reykv. n.
13. Guðlaugur Þór Þórðarson, 1. þm. Reykv. n.
14. Herdís Þórðardóttir, 8. þm. Norðvest.
15. Illugi Gunnarsson, 3. þm. Reykv. s.
16. Jón Gunnarsson 7. þm. Suðvest.
17. Kjartan Ólafsson, 4. þm. Suðurk.
18. Kristján Þór Júlíusson, 1. þm. Norðaust.
19. Ólöf Nordal, 9. þm. Norðaust.
20. Pétur H. Blöndal, 6. þm. Reykv. n.
21. Ragnheiður E. Árnadóttir, 9. þm. Suðvest.
22. Ragnheiður Ríkharðsdóttir, 12. þm. Suðvest.
23. Sigurður Kári Kristjánsson, 8. þm. Reykv. n.
24. Sturla Böðvarsson, 1. þm. Norðvest.
25. Þorgerður K. Gunnarsdóttir, 1. þm. Suðvest.

VINSTRI HREYFINGIN – GRÆNT FRAMBOÐ:

1. Atli Gíslason, 7. þm. Suðurk.
2. Álfheiður Ingadóttir, 11. þm. Reykv. s.

3. Árni Þór Sigurðsson, 9. þm. Reykv. n.
4. Jón Bjarnason, 4. þm. Norðvest.
5. Katrín Jakobsdóttir, 4. þm. Reykv. n.
6. Kolbrún Halldórsdóttir, 5. þm. Reykv. s.
7. Steingrímur J. Sigfússon, 4. þm. Norðaust.
8. Þuríður Backman, 8. þm. Norðaust.
9. Ögmundur Jónasson, 6. þm. Suðvest.

Stjórnir þingflokka

(mars 2008)

FRAMSÓKNARFLOKKUR:

Siv Friðleifsdóttir formaður,
Magnús Stefánsson varaformaður,
Birkir J. Jónsson ritari.

FRJÁLSLYNDI FLOKKURINN:

Kristinn H. Gunnarsson formaður,
Jón Magnússon varaformaður,
Grétar Mar Jónsson ritari.

SAMFYLKINGIN:

Lúðvík Bergvinsson formaður,
Steinunn Valdís Óskarsdóttir varaformaður,
Árni Páll Árnason ritari.

SJÁLFSTÆÐISFLOKKUR:

Arnbjörg Sveinsdóttir formaður,
Illugi Gunnarsson varaformaður,
Ásta Möller ritari.

VINSTRI HREYFINGIN – GRÆNT FRAMBOÐ:

Ögmundur Jónasson formaður,
Katrín Jakobsdóttir varaformaður,
Kolbrún Halldórsdóttir ritari.

Alþingismenn eftir kjördæmum

(janúar 2008)

REYKJAVÍK NORÐUR:

1. Guðlaugur Þór Þórðarson (D),
2. Össur Skarphéðinsson (S),
3. Guðfinna S. Bjarnadóttir (D),
4. Katrín Jakobsdóttir (V),
5. Jóhanna Sigurðardóttir (S),
6. Pétur H. Blöndal (D),
7. Helgi Hjörvar (S),
8. Sigurður Kári Kristjánsson (D),
9. Árni Þór Sigurðsson (V),
10. Steinunn Valdís Óskarsdóttir (S),
11. Ellert B. Schram (S).

REYKJAVÍK SUÐUR:

1. Geir H. Haarde (D),
2. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir (S),
3. Illugi Gunnarsson (D),
4. Ágúst Ólafur Ágústsson (S),
5. Kolbrún Halldórsdóttir (V),
6. Björn Bjarnason (D),
7. Ásta Möller (D),
8. Ásta R. Jóhannesdóttir (S),
9. Birgir Ármannsson (D),
10. Jón Magnússon (F),
11. Álfheiður Ingadóttir (V).

SUÐVESTURKJÖRDÆMI:

1. Þorgerður K. Gunnarsdóttir (D),
2. Gunnar Svavarsson (S),
3. Bjarni Benediktsson (D),

4. Ármann Kr. Ólafsson (D),
5. Katrín Júlíusdóttir (S),
6. Ögmundur Jónasson (V),
7. Jón Gunnarsson (D),
8. Þórunn Sveinbjarnardóttir (S),
9. Ragnheiður E. Árnadóttir (D),
10. Siv Friðleifsdóttir (B),
11. Árni Páll Árnason (S),
12. Ragnheiður Ríkharðsdóttir (D).

NORÐVESTURKJÖRDÆMI:

1. Sturla Böðvarsson (D),
2. Guðbjartur Hannesson (S),
3. Magnús Stefánsson (B),
4. Jón Bjarnason (V),
5. Einar K. Guðfinnsson (D),
6. Guðjón A. Kristjánsson (F),
7. Karl V. Matthíasson (S),
8. Herdís Þórðardóttir (D),
9. Kristinn H. Gunnarsson (F).

NORÐAUSTURKJÖRDÆMI:

1. Kristján Þór Júlíusson (D),
2. Valgerður Sverrisdóttir (B),
3. Kristján L. Möller (S),
4. Steingrímur J. Sigfússon (V),
5. Arnbjörg Sveinsdóttir (D),
6. Birkir J. Jónsson (B),
7. Einar Már Sigurðarson (S),
8. Þuríður Backman (V),
9. Ólöf Nordal (D),
10. Höskuldur Þórhallsson (B).

SUÐURKJÖRDÆMI:

1. Árni M. Mathiesen (D),
2. Björgvin G. Sigurðsson (S),
3. Guðni Ágústsson (B),
4. Kjartan Ólafsson (D),
5. Lúðvík Bergvinsson (S),
6. Árni Johnsen (D),
7. Atli Gíslason (V),
8. Bjarni Harðarson (B),
9. Björk Guðjónsdóttir (D),
10. Grétar Mar Jónsson (F).

B = Framsóknarflokkur, D = Sjálfstæðisflokkur, F = Frjálslyndi flokkurinn, S = Samfylkingin, V = Vinstri hreyfingin – grænt framboð.

Varaþingmenn

*(Þeir eru taldir hér jafnmargir kjörnum þingmönnum.
Kjörbréf þeirra voru rannsökuð á fyrsta þingfundi eftir
kosningar 12. maí 2007.)*

REYKJAVÍKURKJÖRDÆMI NORÐUR:

Fyrir Samfylkinguna:

Valgerður Bjarnadóttir,
Margrét S. Björnsdóttir,
Dofri Hermannsson,
Kjartan Due Nielsen,
Guðmundur Ágúst Pétursson.

Fyrir Sjálfstæðisflokkinn:

Sigríður Ásthildur Andersen,
Grazyna María Okuniewska,
Auður Björk Guðmundsdóttir,
Katrín Helga Hallgrímsdóttir.

Fyrir Vinstri hreyfinguna – grænt framboð:

Paul Nikolov,
Steinunn Þóra Árnadóttir.

REYKJAVÍKURKJÖRDÆMI SUÐUR:

Fyrir Frjálslynda flokkinn:

Kjartan Eggertsson.

Fyrir Samfylkinguna:

Mörður Árnason,
Kristrún Heimisdóttir,
Reynir Harðarson.

Fyrir Sjálfstæðisflokkinn:

Dögg Pálsdóttir,
Erla Ósk Ásgeirsdóttir,
Ragnhildur Björg Guðjónsdóttir,
Kolbrún Baldursdóttir,
Þóra Björk Smith.

Fyrir Vinstri hreyfinguna – grænt framboð:

Auður Lilja Erlingsdóttir,
Guðmundur Magnússon.

SUÐVESTURKJÖRDÆMI:

Fyrir Framsóknarflokkinn:

Samúel Örn Erlingsson.

Fyrir Samfylkinguna:

Guðmundur Steingrímsson,
Tryggvi Harðarson,
Sonja B. Jónsdóttir,
Ásgeir Jóhannesson.

Fyrir Sjálfstæðisflokkinn:

Rósa Guðbjartsdóttir,
Bryndís Haraldsdóttir,
Pétur Árni Jónsson,
Sigríður Rósa Magnúsdóttir,
Sjöfn Þórðardóttir,
Þorsteinn Þorsteinsson.

Fyrir Vinstri hreyfinguna – grænt framboð:

Guðfríður Lilja Grétarsdóttir.

NORÐVESTURKJÖRDÆMI:

Fyrir Framsóknarflokkinn:

Herdís Á. Sæmundardóttir.

Fyrir Frjálslynda flokkinn:

Þórunn Kolbeins Matthíasdóttir,
Ragnheiður Ólafsdóttir.

Fyrir Samfylkinguna:

Anna Kristín Gunnarsdóttir,
Sigurður Pétursson.

Fyrir Sjálfstæðisflokkinn:

Herdís Þórðardóttir,*
Guðný Helga Björnsdóttir,
Birna Lárusdóttir.

Fyrir Vinstri bryfinguna – grænt framboð:

Ingibjörg Inga Guðmundsdóttir.

NORÐAUSTURKJÖRDÆMI:

Fyrir Framsóknarflokkinn:

Huld Aðalbjarnardóttir,
Jón Björn Hákonarson,
Sigfús Arnar Karlsson.

Fyrir Samfylkinguna:

Lára Stefánsdóttir,
Margrét Kristín Helgadóttir.

* Varð aðalmaður við andlát Einars Odds Kristjánssonar 14. júlí 2007.

Fyrir Sjálfstæðisflokkinn:

Þorvaldur Ingvarsson,
Sigríður Ingvarsdóttir,
Steinþór Þorsteinsson.

Fyrir Vinstri hreyfinguna – grænt framboð:

Björn Valur Gíslason,
Dýrleif Skjöldal.

SUÐURKJÖRDÆMI:

Fyrir Framsóknarflokkinn:

Helga Sigrún Harðardóttir,
Eygló Þóra Harðardóttir.

Fyrir Frjálslynda flokkinn:

Óskar Þór Karlsson.

Fyrir Samfylkinguna:

Róbert Marshall,
Guðný Hrund Karlsdóttir.

Fyrir Sjálfstæðisflokkinn:

Unnur Brá Konráðsdóttir,
Drífa Hjartardóttir,
Guðjón Hjörleifsson,
Grímur Gíslason.

Fyrir Vinstri hreyfinguna – grænt framboð:

Alma Lía Jóhannsdóttir.

Fastanefndir Alþingis

(febrúar 2008)

ALLSHERJARNEFND:

Birgir Ármannsson, formaður,
Ágúst Ólafur Ágústsson,
varaformaður,
Atli Gíslason,
Sigurður Kári Kristjánsson,
Ellert B. Schram,
Siv Friðleifsdóttir,
Ólöf Nordal
Karl V. Matthíasson,
Jón Magnússon.

EFNAHAGS- OG

SKATTANEFND:

Pétur H. Blöndal, formaður,
Ellert B. Schram, varaformaður,
Ögmundur Jónasson,
Bjarni Benediktsson,
Gunnar Svavarsson,
Magnús Stefánsson,
Ragnheiður E. Árnadóttir,
Lúðvík Bergvinsson,
Katrín Jakobsdóttir.
Ábeyrnarfulltrúi:
Grétar Mar Jónsson.

FÉLAGS- OG

TRYGGINGAMÁLANEFND:

Ármann Kr. Ólafsson,
varaformaður,
Ásta R. Jóhannesdóttir,
Ögmundur Jónasson,
Árni Johnsen,
Guðbjartur Hannesson,
formaður,
Birkir J. Jónsson,
Pétur H. Blöndal,
Jón Gunnarsson,
Kristinn H. Gunnarsson.

FJÁRLAGANEFND:

Kristján Þór Júlíusson,
varaformaður,
Guðbjartur Hannesson,
Jón Bjarnason,
Illugi Gunnarsson,
Gunnar Svavarsson, formaður,
Bjarni Harðarson,
Ásta Möller,
Steinunn Valdís Óskarsdóttir,
Guðjón A. Kristjánsson,
Ármann Kr. Ólafsson,
Björk Guðjónsdóttir.

HEILBRIGÐISNEFND:

Ásta Möller, formaður,
Ágúst Ólafur Ágústsson,
varaformaður,
Puríður Backman,
Pétur H. Blöndal,
Árni Páll Árnason,
Valgerður Sverrisdóttir,
Ragnheiður Ríkharðsdóttir,
Ellert B. Schram,
Álfheiður Ingadóttir.
Aheytnarfulltrúi:
Guðjón A. Kristjánsson.

IÐNAÐARNEFND:

Kristján Þór Júlíusson,
varaformaður,
Einar Már Sigurðarson,
Álfheiður Ingadóttir,
Herdís Þórðardóttir,
Katrín Júlíusdóttir, formaður,
Guðni Ágústsson,
Ragnheiður E. Árnadóttir,
Björk Guðjónsdóttir,
Grétar Mar Jónsson.

KJÖRBRÉFANEFND:

Arnbjörg Sveinsdóttir, formaður,
Lúðvík Bergvinsson,
varaformaður,
Atli Gíslason,
Bjarni Benediktsson,
Ásta R. Jóhannesdóttir,
Magnús Stefánsson.
Birgir Ármannsson,

Helgi Hjörvar,
Jón Magnússon,

MENNTAMÁLANEFND:

Sigurður Kári Kristjánsson,
formaður,
Einar Már Sigurðarson,
varaformaður,
Katrín Jakobsdóttir,
Illugi Gunnarsson,
Guðbjartur Hannesson,
Höskuldur Þórhallsson,
Ragnheiður Ríkharðsdóttir,
Katrín Júlíusdóttir,
Kolbrún Halldórsdóttir.
Aheytnarfulltrúi:
Jón Magnússon.

SAMGÖNGUNEFND:

Herdís Þórðardóttir,
Karl V. Matthíasson,
Árni Þór Sigurðsson,
Árni Johnsen,
Steinunn Valdís Óskarsdóttir,
formaður,
Guðni Ágústsson,
Ármann Kr. Ólafsson,
Ólöf Nordal, varaformaður,
Guðjón A. Kristjánsson.

**SJÁVARÚTVEGS- OG
LANDBÚNAÐARNEFND:**

Arnbjörg Sveinsdóttir,
formaður,
Gunnar Svavarsson,

Atli Gíslason,
Kjartan Ólafsson,
Helgi Hjörvar,
Valgerður Sverrisdóttir,
Jón Gunnarsson,
Karl V. Matthíasson,
varaformaður,
Grétar Mar Jónsson.

UMHVERFISNEFND:

Kjartan Ólafsson,
varaformaður,
Helgi Hjörvar, formaður,
Kolbrún Halldórsdóttir,
Illugi Gunnarsson,
Katrín Júlíusdóttir,
Höskuldur Þórhallsson,
Guðfinna S. Bjarnadóttir,
Ólöf Nordal,
Árni Þór Sigurðsson.
Aðhyrnarfulltrúi:
Kristinn H. Gunnarsson.

UTANRÍKISMÁLANEFND:

Aðalmenn:
Bjarni Benediktsson, formaður,
Árni Páll Árnason,
varaformaður,
Steingrímur J. Sigfússon,
Ragnheiður E. Árnadóttir,
Ásta R. Jóhannesdóttir,

Siv Friðleifsdóttir,
Guðfinna S. Bjarnadóttir,
Lúðvík Bergvinsson,
Kristinn H. Gunnarsson.

Varamenn:

Arnbjörg Sveinsdóttir,
Ágúst Ólafur Ágústsson,
Ögmundur Jónasson,
Sigurður Kári Kristjánsson,
Steinunn Valdís Óskarsdóttir,
Magnús Stefánsson,
Björk Guðjónsdóttir,
Ellert B. Schram,
Jón Magnússon.

VIÐSKIPTANEFND:

Guðfinna S. Bjarnadóttir,
varaformaður,
Ágúst Ólafur Ágústsson,
formaður,
Jón Bjarnason,
Birgir Ármannsson,
Árni Páll Árnason,
Birkir J. Jónsson,
Jón Gunnarsson,
Björk Guðjónsdóttir,
Höskuldur Þórhallsson.
Aðhyrnarfulltrúi:
Jón Magnússon.

FUNDARTÍMAR FASTANEFNDA (2007–2008)

	<i>Mánudagar</i>	<i>Þriðjudagar</i>	<i>Miðvikudagar</i>	<i>Fimmtudagar</i>
08.30–10.00	Fjárln.	Efh.- og skattan. Viðskn. Fjárln.	Allshn. Iðn. Fjárln.	Menntamn. Samgn. Fjárln.
09.30–11.00	Fél.- og trmn.			
10.15–12.00	Fjárln.	Fjárln. Heilbrn. Umhvn.	Fjárln. Sjútv.- og landbn. Utanrmn.	

Á vorþingi er fundartími fjárlaganefndar kl. 10.30 á mánudögum.

Kjörbréfanefnd heldur fundi eftir þörfum.

Fundartími forsætisnefndar er fyrir hádegi á mánudögum.

Alþjóðanefndir Alþingis

(febrúar 2008)

ÍSLANDSDEILD ALÞJÓÐAÞINGMANNA- SAMBAÐSINS:

Aðalmenn:

Ásta Möller, formaður,
Ágúst Ólafur Ágústsson,
varaformaður,
Puríður Backman.

Varamenn:

Birgir Ármannsson,
Lúðvík Bergvinsson,
Atli Gíslason.

ÍSLANDSDEILD EVROÞURÁÐSÞINGISINS:

Aðalmenn:

Guðfinna S. Bjarnadóttir,
formaður,
Ellert B. Schram,
varaformaður,
Steingrímur J. Sigfússon.

Varamenn:

Birgir Ármannsson,
Árni Páll Árnason,
Kristinn H. Gunnarsson.

ÍSLANDSDEILD NATO-ÞINGISINS:

Aðalmenn:

Ragnheiður E. Árnadóttir,
formaður,
Ásta R. Jóhannesdóttir,
varaformaður,
Magnús Stefánsson.

Varamenn:

Arnbjörg Sveinsdóttir,
Ágúst Ólafur Ágústsson,
Kristinn H. Gunnarsson.

ÍSLANDSDEILD NORÐURLANDARÁÐS:

Aðalmenn:

Kjartan Ólafsson,
varaformaður,
Árni Páll Árnason, formaður,
Kolbrún Halldórsdóttir,
Kristján Þór Júlíusson,
Ragnheiður Ríkharðsdóttir,
Siv Friðleifsdóttir,
Helgi Hjörvar.

Varamenn:

Ólöf Nordal,
Einar Már Sigurðarson,
Steingrímur J. Sigfússon,
Árni Johnsen,

Björk Guðjónsdóttir,
Jón Magnússon,
Steinunn Valdís Óskarsdóttir.

ÍSLANDSDEILD

VESTNORRÆNA RÁÐSINS:

Aðalmenn:

Árni Johnsen, varaformaður,
Guðbjartur Hannesson,
Guðni Ágústsson,
Jón Gunnarsson,
Karl V. Matthíasson, formaður,
Guðjón A. Kristjánsson.

Varamenn:

Herdís Þórðardóttir,
Ásta R. Jóhannesdóttir,
Bjarni Harðarson,
Kristján Þór Júlíusson,
Katrín Júlíusdóttir,
Jón Magnússon.

ÍSLANDSDEILD

ÞINGMANNA- NEFNDAR EFTA:

Aðalmenn:

Bjarni Benediktsson,
varaformaður,
Katrín Júlíusdóttir, formaður,
Árni Þór Sigurðsson,
Arnbjörg Sveinsdóttir,
Illugi Gunnarsson.

Varamenn:

Árman Kr. Ólafsson,

Steinunn Valdís Óskarsdóttir,
Katrín Jakobsdóttir,
Ólöf Nordal,
Jón Gunnarsson.

ÍSLANDSDEILD

ÞINGMANNARÁÐSTEFN- UNNAR UM NORÐUR- SKAUTSMÁL:

Aðalmenn:

Sigurður Kári Kristjánsson,
formaður,
Gunnar Svavarsson,
varaformaður,
Jón Bjarnason.

Varamenn:

Illugi Gunnarsson,
Karl V. Matthíasson,
Álfheiður Ingadóttir.

ÍSLANDSDEILD

ÞINGS VESTUR- EVRÓPUSAMBANDSINS:

Aðalmenn:

Birgir Ármannsson,
varaformaður,
Árman Kr. Ólafsson,
formaður,
Kristinn H. Gunnarsson.

Varamenn:

Björk Guðjónsdóttir,
Ólöf Nordal,
Höskuldur Þórhallsson.

**ÍSLANDSDEILD ÞINGS
ÖRYGGIS- OG SAMVINNU-
STOFNUNAR EVRÓPU:**

Aðalmenn:

Pétur H. Blöndal,
varaformaður,
Einar Már Sigurðarson,
formaður,
Valgerður Sverrisdóttir.

Varamenn:

Björk Guðjónsdóttir,
Lúðvík Bergvinsson,
Birkir J. Jónsson.

ÆVISKRÁR ALÞINGISMANNA
KJÖRINNA 12. MAÍ 2007





**ARNBJÖRG
SVEINSDÓTTIR**
*5. þm. Norðausturkjördæmis
Sjálfstæðisflokkur*

Alþm. Austurl. 1995–2003, alþm. Norðaust. síðan 2004 (Sjálfstfl.).

Vþm. Norðaust. nóv.–des. 2003.

Formaður þingflokks sjálfstæðismanna síðan 2005.

F. í Reykjavík 18. febr. 1956. For.: Sveinn Guðmundsson (f. 25. nóv. 1922, d. 13. okt. 1995) framkvæmdastjóri, bróðursonur Jóns Jónssonar alþm. á Hvanná, og k. h. Guðrún Björnsdóttir (f. 15. apríl 1929, d. 1. sept. 1971) húsmóðir, bróðurdóttir Jóns Jónssonar alþm. á Hvanná. M. (27. des. 1975) Garðar Rúnar Sigurgeirsson (f. 30. júlí 1953) matreiðslumaður. For.: Sigurgeir Garðarsson og k. h. Brynhildur Ragna Finnsdóttir. Börn: Guðrún Ragna (1976), Brynhildur Bertha (1980).

Stúdentspróf MR 1976. Laganám HÍ 1980–1982.

Fiskvinnslustörf o.fl. á skólaárum. Starfsmaður afgreiðslu Smyrils og Eimskips 1975–1979. Kennari við Seyðisfjarðarskóla 1976–1977. Fulltrúi í launadeild Ríkisspítalanna 1977–1980. Verslunar- og skrifstofustörf 1982–1983. Skrifstofustörf hjá Fiskvinnslunni hf. og Gullbergi hf. 1983–1990. Skrifstofu- og fjármálastjóri Fiskiðjunnar Dvergasteins hf. 1990–1995.

Í bæjarstjórn Seyðisfjarðar 1986–1998, forseti hennar 1994–1996. Í stjórn Samtaka sveitarfélaga á Austurlandi, formaður 1991–1992. Á sama tíma formaður landshlutasamtaka sveitarfélaga. Formaður stjórnskipaðrar nefndar um framhaldsnám á

Austurlandi. Í skólanefnd Menntaskólans á Egilsstöðum 1991–1995. Í stjórn Héraðsskjalasafns Austurlands 1994–1997. Í miðstjórn Sjálfstæðisflokksins síðan 1995. Í stjórn Húsnæðisstofnunar ríkisins 1995–1998 og stjórn Íbúðalánasjóðs 1999–2000. Í stjórn Byggingastofnunar síðan 2000. Í stjórn Rariks 2003–2004.

Lögheimili: Austurvegi 30, 710 Seyðisfirði. S. 472–1216, 898–6242, 852–7648.

Dvalarheimili: Meistaravöllum 33, 107 Reykjavík. S. 551–6143.

Skrifstofa: Austurstræti 8–10.

Netfang: arnbjorg@althingi.is



ATLI GÍSLASON

*7. þm. Reykjavíkurlkjördæmis suður
Vinstri breytingin – grænt framboð*

Alþm. Suðurk. síðan 2007 (Vg.).

*Vþm. Reykv. n. febr.–mars 2004, mars 2005, apríl–maí 2006
(Vg.)*

F. í Reykjavík 12. ágúst 1947. For.: Gísli Guðmundsson (f. 30. okt. 1907, d. 29. des. 1989) leiðsögumaður og kennari og k. h. Ingibjörg Jónsdóttir (f. 24. apríl 1915, d. 9. jan. 1997) húsmæðraskólakennari, húsmóðir og verkakona. K. 1. Unnur Jónsdóttir (f. 4. febr. 1949) leikskólastjóri. K. 2. Rannveig Sigurðardóttir (f. 28. júní 1953) tjónafulltrúi. For.: Sigurður Hallgrímsson og k. h. Guðrún Karlsdóttir. Synir Atla og Unnar: Jón Bjarni (1971), Gísli

Hrafn (1974), Friðrik (1975). Fósturdóttir, dóttir Rannveigar: Guðrún Erna Levy (1991).

Stúdentspróf MR 1968. Lögfræðipróf HÍ 1974. Framhaldsnám í eignar- og þjóðlendurétti í Ósló 1974–1975. Hdl. 1979. Framhaldsnám í vinnurétti í Kaupmannahöfn 1981–1982. Hrl. 1989.

Við garðyrkjustörf með námi 1963–1974. Á síld sumarið 1968. Lögfræðingur hjá skattrannsóknardeild ríkisskattstjóra 1976–1980. Sjálfstætt starfandi lögmaður 1980–2007. Lögmaður Verkamannafélagsins Dagsbrúnar, síðar Eflingar – stéttarfélags, síðan 1982. Settur saksóknari 1989–1992 í ýmsum efnahagsbrota-málum og lögreglustjóri 1997 við rannsókn á meðferð lögreglu á málum tengdum fíkniefnasala. Setudómari í Félagsdómi og í Hæstarétti. Nefndarmaður í gjafsóknarnefnd, refsiréttarnefnd og úrskurðarnefnd um ólögmetan sjávarafla 1992–2000.

Formaður Sambands íslenskra námsmanna erlendis 1975–1976. Rak ókeypis lögfræðiaðstoð 1976–1977. Lögfræðilegur ráðgjafi lögfræðiaðstoðar Orators ásamt fleirum síðan 1981. Í miðstjórn Samtaka herstöðvaandstæðinga 1983–1991.

Heimili: Birkimel 6, 107 Reykjavík. S. 552-4814, 892-4814.

Skrifstofa: Vonarstræti 12.

Netfang: atlig@althingi.is



ÁGÚST ÓLAFUR ÁGÚSTSSON
4. þm. Reykjavíkurráðgjafi og sáttmálafræðingur

Alþm. Reykv. s. síðan 2003 (Samf.).

F. í Hamborg 10. mars 1977. For.: Ágúst Einarsson (f. 11. jan. 1952) alþm. og prófessor, sonur Einars Sigurðssonar vþm., og k. h. Kolbrún Ingólfssdóttir (f. 10. mars 1943) sagnfræðingur og meina-tæknir. K. Þorbjörg Sigríður Gunnlaugsdóttir (f. 23. maí 1978) lögfræðingur. For.: Gunnlaugur A. Jónsson og k. h. Guðrún Helga Brynleifsdóttir. Dætur: Elísabet Una (2002), Krístrún (2005).

Stúdentspróf MR 1997. Lögfræðipróf HÍ 2003. BA-próf í hagfræði HÍ 2003.

Stundaði ýmis störf sumrin 1998–2001, m.a. sem blaðamaður á Degi, hjá fjármálaráðuneytinu, ríkisskattstjóra og við nýsköpunarverkefni um reglur um persónuvernd í íslenskum og alþjóðlegum rétti fyrir Siðfræðistofnun Háskóla Íslands.

Í stjórn Röskvu, samtaka félagshyggjufólks í HÍ, og stjórn ELSA-Ísland, samtaka evrópskra laganema á Íslandi, 1999–2000. Í framkvæmdastjórn Sambands ungra jafnaðarmanna 1999–2000. Í stjórn Varðbergs, samtaka um vestræna samvinnu, síðan 2000, varaformaður þeirra síðan 2002. Varaformaður Ungra jafnaðarmanna 2000–2001, formaður 2001–2003. Í stjórn fulltrúaráðs Samfylkingarinnar í Reykjavík síðan 2001. Varaformaður Samfylkingarinnar síðan 2005.

Ritstjóri: Skólablað MR (1995). Hátíðartímarit ELSA-Ísland

(1999). Politik.is (2000–2001). Pólitík, blað ungra jafnaðarmanna (2002). Í ritstjórn Úlfjólts (1999–2000).

Heimili: Rauðagerði 62, 108 Reykjavík. S. 552-1035, 899-4612.

Skrifstofa: Austurstræti 14.

Netfang: aoa@althingi.is

Vefsíða: www.agustolafur.is



ÁLFHEIÐUR INGADÓTTIR
*11. þm. Reykjavíkurrkjördæmis
suður*

Vinstri bryfingin – grænt framboð

Alþm. Reykv. s. síðan 2007 (Vg.).

Vþm. Reykv. nóv.–des. 1987 (Alþb.), vþm. Reykv. s. nóv.–des. 2003, nóv.–des. 2004, nóv. 2006 (Vg.).

F. í Reykjavík 1. maí 1951. For.: Ingi R. Helgason (f. 29. júlí 1924, d. 10. mars 2000) hæstaréttarlögmaður og forstjóri Brunabótafélags Íslands og k. h. Ása Guðmundsdóttir (f. 24. ágúst 1927, d. 19. apríl 1962) hannyrðakona. M. Sigurmar K. Albertsson (f. 7. maí 1946) hæstaréttarlögmaður. For.: Albert Sigurðsson og k. h. Guðborg Franklínisdóttir. Sonur: Ingi Kristján (1991).

Stúdentspróf MR 1971. B.Sc.-próf í líffræði HÍ 1975. Nám í þýsku og fjölmiðlun við Freie Universität í Vestur-Berlín 1976–1977.

Kenndi líffræði með námi í MH og MR. Blaðamaður, þing-

fréttamaður og um tíma fréttastjóri við Þjóðviljann 1977–1987. Framkvæmdastjóri laxeldisstöðvarinnar Hafeldis í Straumsvík 1987–1989. Vann við gerð einkaleyfisumsókna og skráningu vörumerkja 1989–1991. Blaðamaður í lausamennsku síðan 1991. Upplýsingafulltrúi Samtaka um kvennaathvarf 1994–1995 og framkvæmdastjóri ráðstefnu norrænna kvennaathvarfa á Íslandi í nóvember 1995. Útgáfustjóri Náttúrufræðistofnunar Íslands síðan 1996 og ritstjóri Náttúrufræðingsins 1996–2006.

Í stjórn ABR, í miðstjórn og framkvæmdastjórn AB af og til 1973–1998. Varaborgarfulltrúi 1978–1986. Í umhverfisráði 1978–1986, formaður þess um skeið. Í jafnréttisnefnd 1982–1986. Sat í nefnd um byggingu Náttúruhúss í Reykjavík 1989–1990. Formaður nefndar um áhættumat Reykjavíkurlflugvallar 1990–1991. Tók þátt í stofnun Reykjavíkurlistans 1994 og gegndi ýmsum trúnaðarstörfum þar frá upphafi til enda. Í stjórn Sorpu 1994–1998. Í nefnd um mótun orkustefnu Reykjavíkurborgar 2002–2003, í stjórn Landsvirkjunar 2003–2006.

Heimili: Fjólugötu 7, 101 Reykjavík. S. 552-8662, 893-8866.

Skrifstofa: Vonarstræti 12.

Netfang: alfheiduri@althingi.is



ÁRMANN KR. ÓLAFSSON
*4. þm. Suðvesturkjördæmis
Sjálfstæðisflokkur*

Alþm. Suðvest. síðan 2007 (Sjálfstfl.).

F. á Akureyri 17. júlí 1966. For.: Ólafur Þorsteinn Ármannsson (f. 18. apríl 1938) húsmíðameistari og búfræðingur og k. h. Anna Guðrún Árnadóttir (f. 9. ágúst 1947) fyrrverandi banka-
starfsmaður. K. Hulda Guðrún Pálsdóttir (f. 24. júní 1966) klæð-
skerameistari og kennari. For.: Páll A. Magnússon og k. h. Halla
Lilja Jónsdóttir. Börn: Hermann (1994), Halla Lilja (1995).

Stúdentspróf MA 1987. BA-próf í stjórnmálafræði HÍ 1994.

Stofnandi og framkvæmdastjóri ENNEMM 1991–1995. Aðstoðarmaður samgönguráðherra 1995–1999, aðstoðarmaður sjávarútvegsráðherra 1999–2005, aðstoðarmaður fjármálaráðherra 2005–2006. Bæjarfulltrúi í Kópavogi síðan 1998. Forseti bæjar-
stjórnar 2000–2001 og síðan 2005. Formaður skipulagsnefndar Kópavogsbæjar 1998–2002. Formaður skólanefndar Kópavogs 2002–2006. Formaður stjórnar Strætós síðan 2006.

Í stjórn Sambands ungra sjálfstæðismanna 1991–1995, í fram-
kvæmdastjórn þess 1993–1995. Í stjórn Sjálfstæðisfélags Kópavogs
1999–2001. Í samvinnunefnd um svæðisskipulag höfuðborgar-
svæðisins 1998–2003.

Heimili: Mánalind 8, 201 Kópavogi. S. 554-6012, 896-6768.

Skrifstofa: Austurstræti 8–10.

Netfang: armannkr@althingi.is



ÁRNI PÁLL ÁRNASON
11. þm. Suðvesturkjördæmis
Samfylking

Alþm. Suðvest. síðan 2007 (Samf.).

F. í Reykjavík 23. maí 1966. For.: Árni Pálsson (f. 9. júní 1927) sóknarprestur og k. h. Rósa Björk Þorbjarnardóttir (f. 30. mars 1931) kennari og endurmenntunarstjóri KHÍ. K. Sigrún Eyjólfsdóttir (f. 2. ágúst 1968) flugfreyja. For.: Eyjólfur Matthíasson og k. h. Steinunn Káradóttir. Dóttir Árna Páls og Bergdísar Lindu Kjartansdóttur: Bylgja (1984). Sonur Árna Páls og Sigrúnar: Friðrik Björn (1993). Stjúpsonur, sonur Sigrúnar: Eyjólfur Steinar (1990).

Stúdentspróf MH 1985. Lögfræðipróf HÍ 1991. Nám í Evrópurétti við College d'Europe í Brugge í Belgíu 1991–1992. Hdl. 1997. Sumarnám í Evrópurétti við Harvard Law School/ European University Institute í Flórens 1999.

Stundakennsla við Menntaskólann við Hamrahlíð 1988–1992. Ráðgjafi utanríkisráðherra í Evrópumálum 1992–1994. Deildarsérfræðingur á viðskiptaskrifstofu utanríkisráðuneytisins 1994 og lögfræðingur varnarmálaskrifstofu 1994–1995. Sendiráðsritari í fastanefnd Íslands hjá Atlantshafsbandalaginu og Vestur-Evrópusambandinu í Brussel og fulltrúi Íslands í stjórnmalanefnd Atlantshafsbandalagsins 1995–1998. Í ráðgjafarnefnd um opinberar eftirlitsreglur síðan 1999. Í yfirkjörstjórn Reykjavíkurrkjördæmis norður 2000–2007. Lögmaður með eigin rekstur og ráðgjafi síðan 1998. Starfsmaður ráðherraskipaðra

nefnda, m.a. nefndar um endurskipulagningu utanríkisþjónustunnar 2004 og nefndar um fjármál stjórnmálaflokkanna 2005–2006. Í bankaráði Búnaðarbankans 2001–2003. Stundakennari í Evrópurétti við Háskólann í Reykjavík síðan 2004. Í stjórn Evrópuréttarstofnunar Háskólans í Reykjavík síðan 2004.

Í miðstjórn og framkvæmdastjórn Alþýðubandalagsins 1987–1989. Oddviti Æskulýðsfylkingar Alþýðubandalagsins 1989–1991. Í stjórn Birtingar 1989–1991.

Heimili: Túngötu 36a, 101 Reykjavík.

Skrifstofa: Austurstræti 14.

Netfang: arnipall@althingi.is

Vefsíða: www.arnipall.is



ÁRNI JOHNSEN
6. þm. Suðurkjördæmis
Sjálfstæðisflokkur

Alþm. Suðurl. 1983–1987, 1991–2001 og Suðurk. síðan 2007 (Sjálfstfl.).




HELGI HJÖRVAR

*7. þm. Reykjavíkurrkjördæmis
norður
Samfylking*

Alþm. Reykv. n. síðan 2003 (Samf.).

F. í Reykjavík 9. júní 1967. For.: Úlfur Hjörvar (f. 22. apríl 1935) rithöfundur og k. h. Helga Hjörvar (f. 2. júlí 1943) forstjóri Norðurbryggju í Kaupmannahöfn. K. (22. ágúst 1998) Þórhildur

Elín Elínardóttir (f. 14. apríl 1967) grafískur hönnuður. Dætur: Hildur (1991), Helena (2003), María (2005).

Stundaði nám í MH 1983–1986. Heimspekinám HÍ 1992–1994.

Framkvæmdastjóri Blindrafélagsins og Blindravinnustofunnar 1994–1998. Forseti borgarstjórnar Reykjavíkur 1999–2002.

Í stjórn Norrænu blindrasamtakanna 1994–1998. Í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur 1994–2002. Formaður Blindrafélagsins 1996–1998. Í stjórn Sjónverndarsjóðsins síðan 1996. Formaður félagsmálaráðs Reykjavíkur og stjórnkerfisnefndar Reykjavíkur 1998–2002. Í borgarráði Reykjavíkur 1998–2000 og 2001–2002. Stjórnarformaður hússjóðs Öryrkjabandalagsins síðan 1998. Formaður borgarmálaráðs Samfylkingarinnar 1999–2002. Í stjórn Landsvirkjunar 1999–2006. Í samgöngunefnd Reykjavíkur 2000–2002. Í stjórn Tæknigarðs 2000–2006, þar af formaður síðan 2002. Skólastjóri Stjórnmálaskóla Samfylkingarinnar síðan 2000. Í hafnarstjórn Reykjavíkur 2002–2006. Í stjórn Fasteignastofu Reykjavíkur 2003–2006. Í stjórn Blindrabókasafnsins síðan 2003.

Heimili: Hólavallagötu 9, 101 Reykjavík.

Skrifstofa: Austurstræti 14.

Netfang: helgih@althingi.is

Vefsíða: www.helgi.is



HÖSKULDUR ÞÓRHALLSSON
10. þm. Norðausturkjördæmis
Framsóknarflokkur

Alþm. Norðaust. síðan 2007 (Framsfl.).

F. á Akureyri 8. maí 1973. For.: Þórhallur Höskuldsson (f. 16. nóv. 1942, d. 7. okt. 1995) sóknarprestur á Möðruvöllum í Hörgárdal og síðar á Akureyri og k. h. Þóra Steinunn Gísladóttir (f. 1. des. 1941) sérkennari á Akureyri. K. Þórey Árnadóttir (f. 29. maí 1975) viðskiptafræðingur. For.: Árni Björn Árnason og Þórey Aðalsteinsdóttir. Börn: Steinunn Glóey (2003), Fanney Björg (2006), Þórhallur Árni (2008).

Stúdentspróf VMA 1995. Nám í viðskipta- og stjórn málafræði við HÍ jafnhliða námi í lögfræði. Nám í Evrópurétti og alþjóðlegum einkamálarétti við Lúndarháskóla í Svíþjóð 2001. Lögfræðipróf HÍ 2003. Hdl. 2005.

Aðstoðarmaður dómara við Héraðsdóm Reykjavíkur 2003–2005. Lögmaður á Mörkinni lögmannsstofu hf. 2005–2007. Stundakennari í viðskiptarétti við Háskólann í Reykjavík 2005–2007.

Kosningastjóri Framsóknarflokksins í Norðausturkjördæmi 2003. Í stjórn Stéttarfélagss lögfræðinga 2004–2006.

Lögheimili: Langholtsvegi 149, 104 Reykjavík. S. 562-2019, 848-4805.

Dvalarheimili: Hamarsstíg 24, 600 Akureyri.

Skrifstofa: Austurstræti 14.

Netfang: hoskuldurth@althingi.is



ILLUGI GUNNARSSON

*3. þm. Reykjavíkurrkjördæmis suður
Sjálfstæðisflokkur*

Alþm. Reykv. s. síðan 2007 (Sjálfstfl.).

F. á Siglufirði 26. ágúst 1967. For.: Gunnar Rafn Sigurbjörnsson (f. 22. nóv. 1943) forstöðumaður fjölskyldusviðs hjá Hafnarfjarðarbæ og k. h. Guðrún Ína Illugadóttir (f. 5. sept. 1945) hafnarfulltrúi hjá Hafnarfjarðarhöfn. K. Brynhildur Einaradóttir (f. 1. jan. 1973) sagnfræðingur. For.: Einar Oddur Kristjánsson alþm. og k. h. Sigrún Gerða Gísladóttir.

Stúdentspróf MR 1987. BS-próf í hagfræði HÍ 1995. MBA-próf frá London Business School 2000.

Fiskvinna á sumrin hjá Hjálmi hf. Flateyri 1983–1993. Leiðbeinandi við grunnskóla Flateyrar 1987–1988. Organisti Flateyrarkirkju 1995–1996. Skrifstofumaður hjá Vestfirskum skelfiski á Flateyri 1995–1997. Stundaði rannsóknir í fiskihagfræði við HÍ 1997–1998. Aðstoðarmaður Davíðs Oddssonar forsætisráðherra 2000–2005.

Í stjórn Vöku, félags lýðræðissinnaðra stúdenta við Háskóla Íslands, 1989–1990, oddviti 1993–1994. Í Stúdentaráði Háskóla Íslands 1993–1995. Fulltrúi stúdenta í háskólaráði 1993–1995. Formaður Heimdallar, félags ungra sjálfstæðismanna, 1997–1998.

Heimili: Ránargötu 6a, 101 Reykjavík. S. 896-1237.

Skrifstofa: Austurstræti 8–10.

Netfang: illugig@althingi.is



**INGIBJÖRG SÓLRÚN
GÍSLADÓTTIR**
utanríkisráðherra
2. þm. Reykjavíkurrkjördæmis suður
Samfylking

Alþm. Reykv. 1991–1994 (Kvennal.), alþm. Reykv. n. 2005–2007, alþm. Reykv. s. síðan 2007 (Samf.).

Vþm. Reykv. n. maí 2003, okt. 2003, maí 2004 og jan.–febr. 2005 (Samf.).

Utanríkisráðherra síðan 2007.

F. í Reykjavík 31. des. 1954. For.: Gísli Gíslason (f. 30. nóv. 1916, d. 23. okt. 2006) verslunarmaður og k. h. Ingibjörg J. Nielsdóttir (f. 23. febr. 1918) húsmóðir. M. (29. júlí 1994) Hjörleifur Sveinbjörnsson (f. 11. des. 1949) deildarstjóri hjá Íslenska útvarpsfélaginu. For.: Sveinbjörn Einarsson og k. h. Hulda Hjörleifsdóttir. Synir: Sveinbjörn (1983), Hrafnkell (1985).

Stúdentspróf MT 1974. BA-próf í sagnfræði og bókmenntum HÍ 1979. Gestanemandi við Hafnarháskóla 1979–1981. Cand. mag.-nám í sagnfræði við HÍ 1981–1983.

Vann ýmis almenn störf með námi 1974–1981. Starfsmaður dönsku pósthjónustunnar 1979–1981. Ritstjóri tímaritsins Veru 1988–1990. Ýmis ritstörf og blaðamennska 1990–1991. Borgarstjóri Reykjavíkur 1994–2003. Skip. 24. maí 2007 utanríkisráðherra.

Formaður stjórnar Stúdentaráðs Háskóla Íslands 1977–1978. Borgarfulltrúi í Reykjavík 1982–1988 og síðan 1994. Í skipulagsnefnd Reykjavíkurborgar 1982–1986 og í félagsmálaráði

1986–1988. Formaður borgarráðs 1994–2003. Í þingmannanefnd EFTA/EES 1991–1994. Formaður stjórnar Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkur 1994–2002. Í stjórn Landsvirkjunar 1999–2000. Formaður miðborgarstjórnar 1999–2002. Formaður stjórnar Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins 2000–2003. Í stjórn Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu 2002–2003. Formaður dómnefndar um skipulagssamkeppni um Tónlistar- og ráðstefnuhús 2001. Formaður stjórnar Aflvaka 2002–2004. Formaður hverfisráðs miðborgar 2002–2005. Í bankaráði Seðlabanka Íslands 2003–2005. Í stjórnarskrárnefnd 2005–2006. Varaformaður Samfylkingarinnar 2003–2005, formaður síðan 2005.

Ritstjóri: Vera (1988–1990).

Heimili: Nesvegi 76, 107 Reykjavík. S. 552-4089.

Skrifstofa: Rauðarárstíg 25, s. 545-9905.

Netfang: isg@althingi.is



JÓHANNA SIGURÐARDÓTTIR
félags- og tryggingamálaráðherra
5. þm. Reykjavíkurborgar
norður
Samfylking

Alþm. Reykv. 1978–2003 (landsk. 1979–1987) (Alþfl., Ufl., Þjóðv., JA., Samf.), alþm. Reykv. s. 2003–2007, alþm. Reykv. n. síðan 2007 (Samf.).

2. varaforseti Nd. 1979, 1. varaforseti Nd. 1983–1984, 4. varaforseti Alþingis 2003–2007.

Félagsmálaráðherra 1987–1994 og síðan 2007; félags- og tryggingamálaráðherra frá 1. jan. 2008.

F. í Reykjavík 4. okt. 1942. For.: Sigurður Egill Ingimundarson (f. 10. júlí 1913, d. 12. okt. 1978) alþm. og forstjóri Tryggingastofnunar ríkisins og k. h. Karítas Guðmundsdóttir (f. 19. des. 1917, d. 26. ágúst 1997) húsmóðir. M. 1. (28. febr. 1970) Þorvaldur Steinar Jóhannesson (f. 3. mars 1944) bankastarfsmaður í Reykjavík. Þau skildu. For.: Jóhannes Eggertsson og k. h. Steinunn G. Kristinsdóttir. M. 2. (15. júní 2002) Jónína Leósdóttir (f. 16. maí 1954) blaðamaður og leikskáld. For.: Leó Eggertsson og k. h. Fríða Björg Loftsdóttir. Synir Jóhönnu og Þorvalds: Sigurður Egill (1972), Davíð Steinar (1977). Sonur Jónínu: Gunnar Hrafn Jónsson (1981).

Verslunarpróf VÍ 1960.

Flugfreyja hjá Loftleiðum 1962–1971. Skrifstofumaður í Kassagerð Reykjavíkur 1971–1978. Skip. 8. júlí 1987 félagsmálaráðherra, lausn 17. sept. 1988, en gegndi störfum til 28. sept. Skip. 28. sept. 1988 félagsmálaráðherra, lausn 23. apríl 1991, en gegndi störfum til 30. apríl. Skip. 30. apríl 1991 félagsmálaráðherra í þriðja sinn, lausn 24. júní 1994. Skip. 24. maí 2007 félagsmálaráðherra og í ársbyrjun 2008 félags- og tryggingamálaráðherra.

Í stjórn Flugfreyjufélags Íslands 1966–1969, formaður 1966 og 1969. Í stjórn félagsins Svölurnar 1974–1976, formaður 1975. Í stjórn Verslunarmannafélags Reykjavíkur 1976–1983. Varaformaður Alþýðuflokksins 1984–1993. Formaður í stjórnarnefnd um málefni þroskaheftra og öryrkja 1979–1983. Í nefnd til að undirbúa frumvarp um tilhögun og framkvæmd fullorðinsfræðslu og endurskoðun laga um almannatryggingar 1978. Í tryggingaráði 1978–1987, formaður þess 1979–1980. Sat á þingi Alþjóðaþingmannasambandsins 1980–1985. Formaður Þjóðvaka 1995.

Heimili: Hjarðarhaga 17, 107 Reykjavík. S. 863-1042.

Skrifstofa: Hafnarhúsinu við Tryggvagötu, s. 545-8105.

Netfang: johanna@althingi.is

Vefsíða: www.althingi.is/johanna



JÓN BJARNASON

4. þm. Norðvesturkjördæmis

Vinstri breytingin – grænt framboð

Alþm. Norðurl. v. 1999–2003, alþm. Norðvest. síðan 2003 (Vg.).

F. í Asparvík í Strandasýslu 26. des. 1943. For.: Bjarni Jónsson (f. 2. sept. 1908, d. 10. jan. 1990) útvegsbóndi og k. h. Laufey Valgeirsdóttir (f. 19. ágúst 1917). Mágur Hjálmars Jónssonar alþm. K. (28. ágúst 1966) Ingibjörg Sólveig Kolka Bergsteinsdóttir (f. 15. okt. 1947) þroskaþjálfari. For.: Bergsteinn Sigurðsson og Ingibjörg Kolka Pálsdóttir. Börn: Bjarni (1966), Ásgeir (1970), Ingibjörg Kolka (1971), Laufey Erla (1978), Katrín Kolka (1982), Páll Valdimar Kolka (1983).

Stúdentspróf MR 1965. Búfræðipróf Hvanneyri 1967. Búfræðikandidat frá Landbúnaðarháskólanum í Ási í Noregi 1970.

Kennari við Lækjarskóla í Hafnarfirði 1965–1966. Kennari við Bændaskólann á Hvanneyri 1970–1974. Bóndi í Bjarnarhöfn 1971–1982. Stundakennari við Grunnskóla Stykkishólms 1976–1981. Skólastjóri Bændaskólans á Hólum í Hjaltadal síðan 1981.

Formaður stjórnar Kaupfélags Stykkishólms 1977–1981. Oddviti Helgafellssveitar 1978–1982. Fulltrúi á aðalfundum Stéttarsambands bænda 1978–1982. Fulltrúi í búfræðslunefnd 1981–1999.

Lögheimili: Skúlabraut 14, 540 Blönduósi. S. 854-6510.

Dvalarheimili: Aragötu 16, 101 Reykjavík. S. 562-5116.

Skrifstofa: Vonarstræti 12.

Netfang: jb@althingi.is

Vefsíða: jonbjarnason.blog.is



JÓN GUNNARSSON
7. þm. Suðvesturkjördæmis
Sjálfstæðisflokkur

Alþm. Suðvest. síðan 2007 (Sjálfstfl.).

E. í Reykjavík 21. sept. 1956. For.: Gunnar Jónsson (f. 7. júní 1933) rafvirkjameistari og k. h. Erla Dorothea Magnúsdóttir (f. 20. maí 1936) verslunarkona. K. Margrét Halla Ragnarsdóttir (f. 16. ágúst 1956) verslunarkona. For.: Ragnar Benediktsson og k. h. Arndís Pálsdóttir. Börn: Gunnar Bergmann (1978), Arndís Erla (1982), Arnar Bogi (1992).

Próf frá Iðnskólanum í Reykjavík 1975. Rekstrar- og viðskiptanám EHI 1996.

Bóndi að Barkarstöðum í Miðfirði 1981–1985. Yfirmaður auglýsinga- og áskriftadeildar Stöðvar 2 1986–1990. Markaðsstjóri Prentsmiðjunnar Odda 1991–1993. Rak ásamt eiginkonu sinni innflutningsfyrirtækið Rún ehf. 1994–2004. Framkvæmdastjóri Slysavarnafélagsins Landsbjargar 2005–2007.

Í stjórn kjördæmisráðs Sjálfstæðisflokksins í Norðurlandskjördæmi vestra 1982–1984. Formaður Flugbjörgunarsveitar Vestur-Húnavatnssýslu 1983–1985. Í stjórn Flugbjörgunarsveitarinnar í Reykjavík 1987–1991, formaður 1989–1991. Í stjórn Landsbjargar 1991–1999, varaformaður 1997–1999. Í landsstjórn aðgerðarmála björgunarsveita 1992–1997. Formaður Sjávarnytja, félags áhugamanna um skynsamlega nýtingu sjávarafurða, síðan 1995. Í stjórn Slysavarnafélagsins Landsbjargar 1999–2005, formaður síðan 2000. Formaður fulltrúaráðs sjálfstæðisfélaganna í Kópavogi síðan 2003.

Heimili: Fífuhjalla 21, 200 Kópavogi. S. 564-3663, 892-4277.

Skrifstofa: Austurstræti 8–10.

Netfang: jong@althingi.is



JÓN MAGNÚSSON

**10. þm. Reykjavíkurrkjördæmis
suður**

Frjálslyndi flokkurinn

Alþm. Reykv. s. síðan 2007 ((Frjásl.).

Vþm. Reykv. apríl 1984, apríl og nóv. 1986, okt.–nóv. 1987 og maí 1988 (Sjálfstfl.).

F. á Akranesi 23. mars 1946. For.: Magnús Jónsson (f. 7. ágúst 1916) skólastjóri og k. h. Sigrún Jónsdóttir (f. 12. febr. 1918) kennari. K. Halldóra Rafnar (f. 31. maí 1947) kennari og blaðamaður. Þau skildu. For.: Jónas G. Rafnar alþm. og k. h. Aðalheiður Rafnar. Synir: Jónas Friðrik (1966), Magnús (1980). Dóttir Jóns og Fannýjar Jónmundsdóttur: Sigrún Fanný (1985).

Stúdentspróf MR 1967. Lögfræðipróf HÍ 1974. Hdl. 1975. Hrl. 1989.

Kennari 1967–1979. Stundaði lögmannsstörf og rak eigin lögmannsstofu 1976–2007. Fasteignasali 1984–1993 og 2004–2006. Í úrskurðarnefnd í váttryggingamálum síðan 1994.

Formaður Stúdentaráðs HÍ 1970–1971. Í miðstjórn Sjálfstæðisflokksins 1973–1981. Formaður Heimdallar, félags ungra sjálfstæðismanna, 1975–1977. Formaður Sambands ungra

sjálfstæðismanna 1977–1981. Formaður Neytendasamtakanna 1982–1984. Formaður stjórnar Íðnlánasjóðs 1983–1991. Formaður Neytendafélags höfuðborgarsvæðisins 1991–1996.

Heimili: Þverási 39, 110 Reykjavík. S. 568-8500, 898-0523.

Skrifstofa: Austurstræti 14.

Netfang: jonm@althingi.is



KARL V. MATTHÍASSON
7. þm. Norðvesturkjördæmis
Samfylking

Alþm. Vestf. 2001–2003, alþm. Norðvest. síðan 2007 (Samf.).

Vþm. Vestf. júní 1999 og febr.–mars 2000.

F. á Akureyri 12. ágúst 1952. For.: Matthías Björnsson (f. 9. des. 1921) kennari, loftskemtamaður og vélstjóri, og k. h. Fjóla Guðjónsdóttir (f. 3. maí 1933) húsmóðir og leiðbeinandi. K. (5. júlí 1980) Sesselja Björk Guðmundsdóttir (f. 30. apríl 1959) húsmóðir og leikskólakennari. For.: Guðmundur Þórðarson og k. h. Anna Sesselja Þórðardóttir. Börn: Arnar Valur (1987), Pétur (1994), Fjóla (1996).

Stúdentspróf MR 1974. Guðfræðipróf HÍ 1987.

Kennari við Barnaskólann í Ólafsvík 1974–1975, Laugargerðisskóla í Eyjahreppi 1976–1977 og Grunnskóla Eyrarsveitar 1979–1981. Sjómennska á netabátum og togurum. Gerði út handfærabát frá Hellnum undir Jökli. Sóknarprestur Staðarprestakalls í Súgandafirði 1987–1989, Ísafjarðarprestakalls 1989–1991,

Táلكnafjarðarprestakalls 1991–1995 og Setbergsprestakalls 1995–2003.

Formaður Ungmennafélagsins Trausta 1979–1981. Í stjórn SÁÁ 1989–1993. Formaður Prestafélags Vestfjarða 1989–1994. Fundarritari hreppsnefndar Eyrarsveitar 1995–1997. Formaður Hallgrímsdeildar Prestafélags Íslands 1999–2001. Í stjórn Byggðastofnunar 1999–2001. Í tryggingaráði síðan 2003.

Lögheimili: Miðhrauni 2, 311 Borgarnesi. S. 561-8782, 868-6984.

Dvalarheimili: Flúðaseli 72, 109 Reykjavík.

Skrifstofa: Austurstræti 14.

Netfang: kvm@althingi.is



KATRÍN JAKOBSDÓTTIR

*4. þm. Reykjavíkurlkjördæmis
norður*

Vinstri breytingin – grænt framboð

Alþm. Reykv. n. síðan 2007 (Vg.).

F. í Reykjavík 1. febr. 1976. For.: Jakob Ármannsson (f. 7. maí 1939, d. 20. júlí 1996) bankamaður og kennari og k. h. Signý Thoroddsen (f. 13. ágúst 1940) sálfræðingur, dóttir Sigurðar S. Thoroddsens alþm., bróðurdóttir Katrínar alþm. og Skúla S. Thoroddsens alþm., sonardóttir Skúla Thoroddsens alþm. M. Gunnar Örn Sigvaldason (f. 13. mars 1978) framhaldsnemi í heimspeki. For.: Sigvaldi Ingimundarson og k. h. Sigurrós Gunnarsdóttir. Synir: Jakob (2005), Illugi (2007).

Stúdentspróf MS 1996. BA-próf í íslensku með frönsku sem aukagrein HÍ 1999. Meistarapróf í íslenskum bókmenntum 2004.

Málfarsráðunautur á fréttastofum RÚV í hlutastarfi 1999–2003 auk fjölmargra sumarstarfa. Dagskrárgerð fyrir ljósvakamiðla og ritstörf fyrir ýmsa prentmiðla 2004–2006. Kennsla fyrir Endurmenntun, símenntunarmiðstöðvar og Mími tómstundaskóla 2004–2007. Ritstjórnarstörf fyrir Eddu-útgáfu og JPV-útgáfu 2005–2006. Stundakennsla við Háskóla Íslands, Háskólann í Reykjavík og Menntaskólann í Reykjavík 2006–2007.

Í Stúdentaráði HÍ og háskólaráði 1998–2000. Formaður Ungra vinstri grænna 2002–2003. Fulltrúi í fræðsluráði, síðar menntaráði, Reykjavíkur 2002–2005. Formaður nefndar um barnabókaverðlaun fræðsluráðs Reykjavíkur 2002–2006. Varaborgarfulltrúi fyrir Reykjavíkurlistann 2002–2006. Varaformaður Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs síðan 2003. Formaður samgöngunefndar Reykjavíkur 2004. Formaður umhverfis- og heilbrigðisnefndar Reykjavíkur 2004.

Heimili: Reynimel 82, 107 Reykjavík. S. 552-6052, 895-6052.

Skrifstofa: Vonarstræti 12.

Netfang: katrinja@althingi.is

Vefsíða: www.katrinjakobsdottir.is



KATRÍN JÚLÍUSDÓTTIR
5. þm. Suðvesturkjördæmis
Samfylking

Alþm. Suðvest. síðan 2003 (Samf.).

F. í Reykjavík 23. nóv. 1974. For.: Júlíus Stefánsson (f. 17. nóv. 1939) framkvæmdastjóri og k. h. Gerður Lúðvíksdóttir (f. 19. maí 1942) skrifstofumaður. Þau skildu. Sonur Katrínar og Flosa Eiríkssonar: Júlíus (1999).

Stúdent MK 1994. Nám í mannfræði við Háskóla Íslands 1995–1999. Námskeið í verkefnastjórn í hugbúnaðargerð hjá Endurmenntunarfornun Háskóla Íslands 2001.

Innkaupastjóri hjá G. Einarsson & Co. ehf. 1994–1998, framkvæmdastjóri þar 1999–2000. Framkvæmdastjóri Stúdentaráðs Háskóla Íslands 1998–1999. Verkefnastjóri og ráðgjafi hjá ráðgjafar- og hugbúnaðarhúsinu Inn hf. 2000–2003.

Í stjórn Verðandi, ungliðahreyfingar Alþýðubandalagsins, og ritari Alþýðubandalagsins í Kópavogi 1994–1998. Í miðstjórn Alþýðubandalagsins 1996–2000. Fulltrúi Rösquv í Stúdentaráði og háskólaráði Háskóla Íslands 1997–1999. Í kennslumálanefnd Háskóla Íslands 1997–1999. Í framkvæmdastjórn Samfylkingarinnar 2000–2003, varaformaður 2001–2003. Í stjórn Evrópusamtakanna 2000–2003. Varaformaður Ungra jafnaðarmanna 2000, formaður 2000–2001.

Heimili: Furugrund 71, 200 Kópavogi. S. 894-6026.

Skrifstofa: Austurstræti 14.

Netfang: katrinj@althingi.is
Vefsíða: www.katrinjul.is



KJARTAN ÓLAFSSON
3. varaforseti
4. þm. Suðurkjördæmis
Sjálfstæðisflokkur

*Alþm. Suðurl. 2001–2003, alþm. Suðurk. síðan 2004 (Sjálfstfl.).
Vþm. Suðurl. okt. 2000, vþm. Suðurk. maí 2003, okt. 2003 –
maí 2004 og júlí 2004.*

3. varaforseti Alþingis síðan 2007.

F. í Reykjavík 2. nóv. 1953. For.: Ólafur Jónsson (f. 29. mars 1922, d. 18. febr. 2005) framkvæmdastjóri og k. h. Hugborg Benediktsdóttir (f. 27. febr. 1922) húsmóðir. K. (27. des. 1980) Arna Kristín Hjaltadóttir (f. 28. sept. 1957) skrifstofumaður. For.: Hjalti Þórðarson og k. h. Elínbjörg Ólöf Guðjónsdóttir. Börn: Hjalti Jón (1980), Hugborg (1982), Herdís Ólöf (1986).

Próf frá Garðyrkjuskóla ríkisins 1974 og garðyrkjuskólunum í Söhus og Beder í Danmörku 1975 og 1976.

Ráðunautur hjá Búnaðarsambandi Suðurlands 1976–1986. Fjármálastjóri Búnaðarsambands Suðurlands 1986–1998. Framkvæmdastjóri Steypustöðvar Suðurlands síðan 1998.

Í stjórn Skógræktarfélagss Íslands 1979–1984. Í stjórn Félags ungra sjálfstæðismanna í Suðurlandskjördæmi og formaður þess um fjögurra ára skeið. Í stjórn Landgræðslusjóðs 1979–1984.

Formaður Skógræktarfélags Árnesinga 1981–1996 og situr þar enn í stjórn. Í stjórn sjálfstæðisfélagsins Óðins á Selfossi um sex ára skeið. Í stjórn Áburðarverksmiðju ríkisins 1988–1993. Formaður heilbrigðisnefndar Ölfushrepps 1990–1998. Formaður Sambands garðyrkjubænda síðan 1990. Í stjórn réttargeðdeildarinnar að Sogni 1992–1996. Formaður kjördæmisráðs Sjálfstæðisflokksins í Suðurlandskjördæmi 1994–1995. Fulltrúi á Búnaðarþingi síðan 1995. Í stjórn hestamannafélagsins Sleipnis um tveggja ára skeið. Formaður umhverfisnefndar sveitarfélagsins Ölfuss síðan 1998. Í stjórn Framleiðnisjóðs landbúnaðarins síðan 2000.

Lögheimili: Hlöðutúni, 801 Selfossi. S. 482-2250, 895-8405.

Dvalarheimili: Öldugötu 8, 101 Reykjavík. S. 562-1180.

Skrifstofa: Austurstræti 8–10.

Netfang: ko@althingi.is

Vefsíða: www.kjartanolfsson.is



KOLBRÚN HALLDÓRSDÓTTIR
5. þm. Reykjavíkurborgar kjördæmis suður
Vinstri breytingin – grænt framboð

Alþm. Reykv. 1999–2003, alþm. Reykv. n. 2003–2007, alþm. Reykv. s. síðan 2007 (Vg.).

F. í Reykjavík 31. júlí 1955. For.: Halldór Viðar Pétursson (f. 29. sept. 1928) matsveinn og k. h. Halldóra Sigrún Ólafsdóttir (f. 14. maí 1926) kennari og húsmóðir, systir Magnúsar Torfa Ólafssonar alþm. og ráðherra. M. (1. maí 1980) Ágúst Pétursson

(f. 12. maí 1953) kennari. For.: Pétur Ágústsson og k. h. Guðrún Kristjánsdóttir. Börn: Orri Huginn (1980), Alma (1995).

Verslunarpróf VÍ 1973. Burtfararpróf frá Leiklistarskóla Íslands 1978.

Leikari og hvíslari hjá Leikfélagi Reykjavíkur 1978–1979, leikari og bókhaldari í Alþýðuleikhúsinu 1979–1983. Fulltrúastörf á skrifstofu Listahátíðar Reykjavíkur, störf hjá Kvikmyndafélaginu Óðni og Kvikmynd og fulltrúastörf hjá Leiklistarskóla Íslands 1979–1983. Framkvæmdastjóri Kramhússins 1984–1985. Leikstjóri og leikari hjá Svörtu og sykurlausu 1983–1986. Dagskrárgerðarmaður við Ríkisútvarpið, hljóðvarp og sjónvarp 1980–1990. Framkvæmdastjóri Bandalags íslenskra leikfélaga 1988–1993. Fastráðinn leikstjóri við Þjóðleikhúsið 1995–1998. Lausráðinn leikstjóri hjá Leikfélagi Akureyrar og hjá sjálfstætt starfandi atvinnuleikhópum 1980–1999, auk þess að hafa leikstýrt fjölda leiksýninga hjá skólaleikfélögum og áhugamannaleikfélögum um land allt. Kennsla á leiklistarnámskeiðum víða um land, í Færeyjum og á Írlandi.

Fulltrúi í skólanefnd Leiklistarskóla Íslands 1977–1978 og 1988–1993. Ritari IV. deildar Félags íslenskra leikara 1980–1981. Formaður IV. deildar Félags íslenskra leikara 1981–1982. Fulltrúi í Leiklistarsambandi Íslands 1988–1993. Í NAR, norrænu samstarfi áhugaleikfélaga, 1988–1993. Í nefnd á vegum menntamálaráðuneytis um menntastefnu til 2000 (listgreinar) 1990 og nefnd á vegum menntamálaráðuneytis um endurskoðun leiklistarlaga 1994. Formaður framkvæmdastjórnar Leiklistarráðs 1990–1994. Gjaldkeri í stjórn Félags leikstjóra á Íslandi 1998–1999. Fulltrúi Reykjavíkurborgar í stjórn Sorpu síðan 2002.

Hefur samið leikgerðir og handrit ýmissa leiksýninga.

Ritstjóri: Leiklistarblaðið (1988–1993).

Heimili: Fornhaga 21, 107 Reykjavík. S. 552-0381, 862-4808.

Skrifstofa: Vonarstræti 12.

Netfang: kolbrunh@althingi.is

Vefsíða: www.althingi.is/kolbrunh



KRISTINN H. GUNNARSSON
9. þm. Norðvesturkjördæmis
Frjálslyndi flokkurinn

Alþm. Vestf. 1991–2003 (Alþb., Ufl., Framsfl.), alþm. Norðvest. síðan 2003 (Framsfl., Frjáslsl.).

Formaður þingflokks Framsóknarflokksins 1999–2003. Formaður þingflokks Frjálslynda flokksins síðan 2007.

F. í Reykjavík 19. ágúst 1952. For.: Gunnar H. Kristinsson (f. 1. nóv. 1930, d. 27. ágúst 2000) hitaveitustjóri og k. h. Auðbjörg Brynjólfsdóttir (f. 1. nóv. 1929, d. 17. jan. 2000) starfsmaður heimilishjálpar í Reykjavík, móðir Gunnars Birgissonar alþm. K. 1. (17. júní 1976) Aldís Rögnvaldsdóttir (f. 29. mars 1956) framkvæmdastjóri. Þau skildu. For.: Rögnvaldur Karstein Guðmundsson og k. h. Erla Sigurgeirsdóttir. K. 2. Elsa B. Friðfinnsdóttir (f. 9. okt. 1959) hjúkrunarfræðingur. For.: Friðfinnur Friðfinnsson og k. h. Rannveig Ragnarsdóttir. Börn Kristins og Aldísar: Dagný (1978), Erla (1979), Rögnvaldur Karstein (1981), Rakel (1985).

Stúdentspróf MR 1972. BS-próf í stærðfræði HÍ 1979.

Kennari við Grunnskóla Tálknafjarðar 1973, Grunnskóla Bolungarvíkur 1974–1975 og 1979–1981, Gagnfræðaskóla Sauðárkróks 1975–1976, Fjölbrautaskólann við Ármúla og Fjölbrautaskólann í Breiðholti 1977–1979. Skrifstofustjóri hjá Jóni Fr. Einarssyni, byggingarþjónustu, í Bolungarvík 1981–1986, starfsmaður Bókhalddsþjónustunnar þar 1986–1991.

Bæjarfulltrúi í Bolungarvík 1982–1998, í bæjarráði 1986–1991, 1994–1995 og 1997–1998. Formaður stjórnar kjördæmis-

ráðs Alþýðubandalagsins á Vestfjörðum 1982–1985. Formaður Verslunarmannafélags Bolungarvíkur 1982–1992. Formaður knattspyrnudeildar UMFB 1984–1988. Í framkvæmdastjórn Landssambands íslenskra verslunarmanna 1987–1991. Í flugráði 1987–1991. Í stjórnarnefnd um Skipaútgerð ríkisins 1989–1992. Í framkvæmdastjórn Alþýðubandalagsins 1989–1998. Í stjórn Húsnæðisstofnunar ríkisins 1991–1995. Í stjórnskipaðri nefnd um sameiningu sveitarfélaga síðan 1991. Í stjórn Bygðastofnunar 1995–1999, formaður stjórnar 2000–2002. Í framkvæmdastjórn, landsstjórn og miðstjórn Framsóknarflokksins frá 1999. Í tryggingaráði síðan 2003.

Ritstjóri: Vestfirðingur, málgagn Alþýðubandalagsins á Vestfjörðum (1990–1998).

Lögheimili: Traðarstíg 12, 415 Bolungarvík. S. 456-7437, 892-7630, 852-7630.

Dvalarheimili: Galtalind 22, 201 Kópavogi. S. 552-2248.

Skrifstofa: Austurstræti 14.

Netfang: khg@althingi.is

Vefsíða: www.kristinn.is



KRISTJÁN ÞÓR JÚLÍUSSON
*1. þm. Norðausturkjördæmis
Sjálfstæðisflokkur*

Alþm. Norðaust. síðan 2007 (Sjálfstfl.).

F. á Dalvík 15. júlí 1957. For.: Júlíus Kristjánsson (f. 16.

sept. 1930) forstjóri og k. h. Ragnheiður Sigvaldadóttir (f. 5. maí 1934) skjalavörður. K. Guðbjörg Baldvinsdóttir Ringsted (f. 12. jan. 1957) myndlistarmaður. For.: Baldvin Gunnar Sigurðsson Ringsted og k. h. Ágústa Sigurðardóttir Ringsted. Börn: María (1984), Júlíus (1986), Gunnar (1990), Þorsteinn (1997).

Stúdentspróf MA 1977. Skipstjórnarpróf (1. og 2. stig) frá Stýrimannaskólanum í Reykjavík 1978. Nám í íslensku og almennum bókmenntum HÍ 1981–1984. Kennsluréttindapróf HÍ 1984.

Stýrimaður og skipstjóri á skipum frá Dalvík 1978–1981 og á sumrin 1981–1985. Kennari við Stýrimannaskólann á Dalvík 1981–1986. Kennari við Dalvíkurskóla 1984–1986. Bæjarstjóri Dalvíkur 1986–1994. Í stjórn Útgerðarfélag Dalvíkinga hf. 1987–1990. Formaður stjórnar Iðnþróunarfélag Eyjafjarðar hf. 1987–1992. Í stjórn Söltunarfélags Dalvíkur hf. 1987–1993. Í stjórn Sæplasts hf. 1988–1994. Bæjarstjóri Ísafjarðar 1994–1997. Í stjórn Togaraútgerðar Ísafjarðar hf. 1996–1997. Formaður stjórnar Samherja hf. 1996–1998. Bæjarstjóri Akureyrar 1998–2006. Formaður stjórnar Lífeyrissjóðs starfsmanna Akureyrarbæjar 1998–2007. Í stjórn Eignarhaldsfélagsins Brunabótafélags Íslands síðan 1999. Í stjórn Landsvirkjunar síðan 1999. Í stjórn Fjárfestingabanka atvinnulífsins 1999–2000. Í Ferðamálaráði Íslands 1999–2003. Formaður stjórnar Lífeyrissjóðs Norðurlands 2000–2007. Í stjórn Fasteignamats ríkisins síðan 2000. Í stjórn Íslenskra verðbréfa frá 2002.

Í ráðgjafanefnd Tölvuþjónustu sveitarfélaga 1988–1990. Í stjórn Fjórðungssambands Norðlendinga 1989–1990. Í Héraðsráði Eyjafjarðar 1990–1994. Formaður stjórnar Hafnasambands sveitarfélaga 1994–1997. Formaður stjórnar Eypings 1998–2002. Í stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga 1998–2007. Í bæjarstjórn Akureyrar síðan 1998. Í miðstjórn Sjálfstæðisflokksins síðan 2002. Formaður sveitarstjórnarráðs Sjálfstæðisflokksins síðan 2002.

Heimili: Ásvegi 23, 600 Akureyri. S. 462-4531, 862-9100.

Skrifstofa: Austurstræti 8–10.

Netfang: kristjanj@althingi.is



KRISTJÁN L. MÖLLER
samgönguráðherra
3. þm. Norðausturkjördæmis
Samfylking

Alþm. Norðurl. v. 1999–2003, alþm. Norðaust. síðan 2003 (Samf.).

Samgönguráðherra síðan 2007.

F. á Siglufirði 26. júní 1953. For.: Jóhann G. Möller (f. 27. maí 1918, d. 25. júní 1997) verkstjóri og bæjarfulltrúi og k. h. Helena Sigtryggsdóttir (f. 21. sept. 1923) húsmóðir. K. (22. júlí 1978) Oddný Hervör Jóhannsdóttir (f. 19. okt. 1956) sölumaður. For.: Jóhann Kristjánsson og k. h. Evlalía Sigurgeirsdóttir. Synir: Jóhann Georg (1979), Almar Þór (1983), Elvar Ingi (1988).

Próf frá Iðnskóla Siglufjarðar 1971. Kennarapróf frá Ípróttakennaraskóla Íslands 1976. Ýmis námskeið á sviði félags- og ípróttamála í Noregi og Svíþjóð 1977–1982.

Æskulýðs- og ípróttafulltrúi Siglufjarðar 1970–1974. Ípróttakennari í Bolungarvík 1976–1978. Ípróttafulltrúi Siglufjarðar 1978–1988. Verslunarstjóri í Rafbæ Siglufirði 1988–1990. Rak verslunina Siglóspört 1990–1999. Skip. 24. maí 2007 samgönguráðherra.

Bæjarfulltrúi á Siglufirði 1986–1998, forseti bæjarstjórnar 1986–1987, 1990–1994 og 1994–1998. Bæjarráðsmaður 1986–1990. Formaður veitusölunefndar Siglufjarðar 1991. Stjórnar­maður í Síldarverksmiðjum ríkisins 1986–1990. Í stjórn Þormóðs ramma Siglufirði 1982–1984. Í byggðanefnd forsætisráðherra 1998–1999.

Ritstjóri: Neisti Siglufirði, málgagn siglufirskra jafnaðarmanna (síðan 1979).

Lögheimili: Laugarvegi 25, 580 Siglufirði.

Dvalarheimili: Marbakkabraut 32, 200 Kópavogi.

Skrifstofa: Hafnarhúsinu við Tryggvagötu, s. 545-8210.

Netfang: klm@althingi.is



LÚÐVÍK BERGVINSSON
5. þm. Suðurkjördæmis
Samfylking

Alþm. Suðurl. 1995–2003 (Alþfl., JA., Samf.), alþm. Suðurk. síðan 2003 (Samf.).

Formaður þingflokks Samfylkingarinnar síðan 2007.

F. í Kópavogi 29. apríl 1964. For.: Bergvin Oddsson (f. 22. apríl 1943) skipstjóri og k. h. María Friðriksdóttir (f. 1. mars 1943). Bróðursonur Guðmundar Oddssonar vþm. K. Þóra Gunnarsdóttir (f. 16. mars 1965). Börn: Jóhanna Lea (2002), Bjarni Þór (2004).

Skipstjórnarréttindi á 30 tonna skip 1980. Stúdentspróf Fjölbrautaskólanum á Akranesi 1985. Lögfræðipróf HÍ 1991.

Fulltrúi bæjarfógeta, síðar sýslumanns, í Vestmannaeyjum 1991–1994, deildarstjóri hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins um sex mánaða skeið 1993–1994. Yfirlögfræðingur í umhverfisráðuneytinu 1994–1995.

Lék með meistaraflokki ÍBV, ÍA, Leifturs og ÍK 1983–1991. Í auðlindanefnd forsætisráðherra 1998–2000.

Lögheimili: Illugagötu 36, 900 Vestmannaeyjum.
Dvalarheimili: Gnitanesi 8, 101 Reykjavík.
Skrifstofa: Austurstræti 14.
Netfang: ludvik@althingi.is
Vefsíða: www.bergmal.is



MAGNÚS STEFÁNSSON

5. varaforseti

*3. þm. Norðvesturkjördæmis
Framsóknarflokkur*

Alþm. Vesturl. 1995–1999 og 2001–2003, alþm. Norðvest. síðan 2003 (Framsfl.).

Vþm. Vesturl. okt. 2000 og jan.–febr. 2001.

5. varaforseti Alþingis síðan 2007.

Félagsmálaráðherra 2006–2007.

F. í Reykjavík 1. okt. 1960. For.: Stefán Jóhann Sigurðsson (f. 17. sept. 1937) svæðisstjóri og k. h. Guðrún Alexandersdóttir (f. 14. ágúst 1935) skrifstofumaður. K. (2. júlí 1988) Sigrún Drífa Óttarsdóttir (f. 9. júní 1965) húsmóðir. For.: Óttar Guðlaugsson og k. h. Bára Guðmundsdóttir. Börn: Guðrún (1987), Guðmundur (1991).

Samvinnuskólaþróf 1980. Stúdentsþróf Samvinnuskóla 1987. Rekstrarfræðapróf Samvinnuháskólanum 1990.

Starfsmaður búvörudeildar SÍS 1980–1981. Kennari við Grunnskóla Ólafsvíkur 1981–1982. Bæjarritari í Ólafsvík 1982–1985. Sjómennska 1987–1988. Sveitarstjóri í Grundarfirði

1990–1995. Framkvæmdastjóri Heilbrigðisstofnunarinnar Selfossi
1999–2001. Skip. 15. júní 2006 félagsmálaráðherra, lausn 18. maí
2007 en gegndi störfum til 24. maí.

Í héraðsnefnd Snæfellinga 1990–1995, formaður 1991–1995.
Í stjórn Hraðfrystihúss Grundarfjarðar hf. síðan 1992 og í stjórn
Fiskmarkaðar Breiðafjarðar hf. 1992–1996. Í atvinnumálanefnd
Sambands sveitarfélaga á Vesturlandi 1994–1995. Í stjórn Pósts og
síma hf. 1996–1998, í stjórn Landssíma Íslands hf. 1998–2002.
Í stjórn Rariks 1997–1999. Sat sex þing Alþjóðþingmannasam-
bandsins 1995–1999.

Lögheimili: Engihlíð 8, 355 Ólafsvík. S. 854-6515.

Dvalarheimili: Birtingakvísl 26, 110 Reykjavík. S. 553-1524.

Skrifstofa: Austurstræti 14.

Netfang: ms@althingi.is

Vefsíða: www.magnuss.is



ÓLÖF NORDAL

*9. þm. Norðausturkjördæmis
Sjálfstæðisflokkur*

Alþm. Norðaust. síðan 2007 (Sjálfstfl.).

F. í Reykjavík 3. des. 1966. For.: Jóhannes Nordal (f. 11. maí
1924) fyrrverandi seðlabankastjóri og k. h. Dóra Guðjónsdóttir
Nordal (f. 28. mars 1928) píanóleikari og húsmóðir. M. Tómas
Már Sigurðsson (f. 1. febr. 1968) forstjóri. For.: Sigurður Kristján

Oddsson og k. h. Herdís Tómasdóttir. Börn: Sigurður (1991), Jóhannes (1994), Herdís (1996), Dóra (2004).

Stúdentspróf MR 1986. Lögfræðipróf HÍ 1994. MBA-próf HR 2002.

Deildarstjóri í samgönguráðuneyti 1996–1999. Lögfræðingur hjá Verðbréfaþingi Íslands 1999–2001. Stundakennari í lögfræði við Viðskiptaháskólann á Bifröst 1999–2002. Deildarstjóri viðskiptalögfræðideildar Viðskiptaháskólans á Bifröst 2001–2002. Yfirmaður heildsöluviðskipta hjá Landsvirkjun 2002–2004. Framkvæmdastjóri sölusviðs hjá RARIK 2004–2005 er rafmagnssala var tekin inn í sérstakt fyrirtæki, Orkusöluna, framkvæmdastjóri Orkusölnnar 2005–2006.

Formaður Sjálfstæðiskvennafélagsins Auðar á Austurlandi.

Lögheimili: Norðurtúni 24, 700 Egilsstöðum. S. 552-3844, 896-3931.

Dvalarheimili: Reynimel 44, 107 Reykjavík. S. 553-3138.

Skrifstofa: Austurstræti 8–10.

Netfang: olofn@althingi.is



PÉTUR H. BLÖNDAL

6. þm. Reykjavíkurrkjördæmis

norður

Sjálfstæðisflokkur

Alþm. Reykv. 1995–2003, alþm. Reykv. s. 2003–2007, alþm. Reykv. n. síðan 2007 (Sjálfstjfl.).

F. í Reykjavík 24. júní 1944. For.: Haraldur H. J. Blöndal

(f. 29. mars 1917, d. 22. júní 1964) sjómaður og verkamaður og k. h. Sigríður G. Blöndal (f. 5. sept. 1915, d. 29. júní 2000) skrifstofumaður. K. 1. (1. sept. 1968) Monika Blöndal (f. 31. jan. 1947) kennari. Þau skildu. For.: Fritz Dworzak og k. h. Maria Dworzak. K. 2. Guðrún Birna Guðmundsdóttir (f. 2. maí 1966) tölvunarfræðingur. Þau skildu. For.: Guðmundur Unnar Agnarsson og k. h. Ingvaldur Björnsdóttir, dóttir Björns Þórarinssonar vpm. Börn og kjörbörn Péturs og Moniku: Davíð (1972), Dagný (1972), Stefán Patrik (1976), Stella María (1980). Börn Péturs og Guðrúnar Birnu: Baldur (1989), Eydís (1994).

Stúdentspróf MR 1965. Diplom-próf í eðlisfræði, stærðfræði og tölvufræði við Kölnarháskóla 1968. Diplom-próf í hagnýtri stærðfræði, líkindafræði, tölfræði, tryggingastærðfræði og alþýðutryggingum við Kölnarháskóla 1971. Doktorspróf við sama háskóla 1973.

Sérfræðingur við Raunvísindastofnun Háskóla Íslands 1973–1975. Stundakennari við Háskóla Íslands 1973–1977. Forstjóri Lífeyrissjóðs verslunarmanna 1977–1984. Tryggingafræðileg ráðgjöf og útreikningar fyrir lífeyrissjóði og einstaklinga 1977–1994. Framkvæmdastjóri Kaupþings hf. 1984–1991. Kennari við Verslunarskóla Íslands 1991–1994. Starfandi stjórnarformaður Tölvusamskipta hf. 1994–1995.

Formaður skattamálanefndar Sjálfstæðisflokksins 1981–1982. Í stjórn Húseigendafélagsins 1981–1992, lengst af formaður. Formaður framkvæmdanefndar Landssambands lífeyrissjóða 1980–1984. Formaður Landssambands lífeyrissjóða 1984–1990. Í stjórn Verðbréfaþings Íslands 1985–1990. Í stjórn Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda 1981–1988. Í stjórn Kaupþings hf. 1982–1986 og formaður nokkurra dótturfyrirtækja 1987–1991. Stjórnarformaður Silfurþings ehf. síðan 1988. Í stjórn Tölvusamskipta hf. síðan 1990, lengst af formaður. Í stjórn SH-verktaka hf. 1991–1992. Stjórnarformaður Veðs hf. og Veðafis hf. 1992–1993. Í stjórn Sæplasts hf. 1991–1996. Varaformaður Marstars hf. 1994–1997. Í bankaráði Íslandsbanka hf. 1994–1995. Í stjórn SPRON frá 2003.

Hefur ritað greinar í blöð og tímarit um húsnæðismál, fjármál og lífeyrismál og flutt útlitarpserindi um sama efni.

Heimili: Kringlunni 19, 103 Reykjavík. S. 568-0641, 699-1943.

Skrifstofa: Austurstræti 8–10.

Netfang: petur@althingi.is

Vefsíða: petur.blondal.is



RAGNHEIÐUR E. ÁRNADÓTTIR
9. þm. Suðvesturkjördæmis
Sjálfstæðisflokkur

Alþm. Suðvest. síðan 2007 (Sjálfstfl.).

F. í Reykjavík 30. sept. 1967. For.: Árni Þ. Þorgrímsson (f. 6. ágúst 1931) flugumferðarstjóri og k. h. Hólmfríður Guðmundsdóttir (f. 22. júní 1928, d. 6. febr. 2003) aðalbókari. M. Guðjón Ingi Guðjónsson (f. 22. júlí 1964) framkvæmdastjóri. For.: Guðjón M. Guðmundsson og k. h. Sveinbjörg Laustsen. Sonur: Árni Þór (2002). Stjúpdætur, dætur Guðjóns Inga: Gígja Sigríður (1989), Karítas Sveina (1994).

Stúdentspróf Kvinnaskólanum í Reykjavík 1987. BA-próf í stjórnmálafræði HÍ 1991. MS-próf í alþjóðasamskiptum (Master of Science in Foreign Service) frá Georgetown University í Bandaríkjunum.

Starfsmaður Útflutningsráðs Íslands 1995–1998, aðstoðarviðskiptafulltrúi 1995–1996, viðskiptafulltrúi í New York 1996–

1997 og verkefnisstjóri í Reykjavík 1997–1998. Aðstoðarmaður fjármálaráðherra 1998–2005. Aðstoðarmaður utanríkisráðherra 2005–2006. Aðstoðarmaður forsætisráðherra 2006–2007.

Í nefnd um nýtt fæðingarorlof 1999. Í samninganefnd ríkisins 1999–2005. Varamaður í jafnréttisráði 2000–2005. Varamaður í bankaráði Norræna fjárfestingarbankans 2002–2006. Í viðræðunefnd um varnarmál 2005–2006. Í stjórn Iceland Naturally síðan 2005 og í stjórn Iceland Naturally Europe síðan 2006. Í fjölskyldunefnd ríkisstjórnarinnar 2005–2007.

Heimili: Lindarflöt 44, 210 Garðabæ. S. 553-8898, 862-0028.

Skrifstofa: Austurstræti 8–10.

Netfang: rea@althingi.is



**RAGNHEIÐUR
RÍKHARÐSDÓTTIR**

6. varaforseti

**12. þm. Suðvesturkjördæmis
Sjálfstæðisflokkur**

Alþm. Suðvest. síðan 2007 (Sjálfstfl.).

6. varaforseti Alþingis síðan 2007.

F. á Akranesi 23. júní 1949. For.: Ríkharður Jónsson (f. 12. nóv. 1929) málara- og dúkklagningameistari, þjálfari og knattspyrnumaður og k. h. Hallbera Guðný Leósdóttir (f. 9. maí 1928) húsmóðir og skrifstofumaður hjá BÍ og VÍS, systir Bjarnfríðar Leósdóttur vþm. M. Daði Runólfsson (f. 30. nóv. 1945). For.: Runólfur Sæmundsson og k. h. Nanna Halldórsdóttir. Börn: Ríkharður (1972), Hekla Ingunn (1980).

Stúdentspróf MA 1969. Próf í uppeldis- og kennslufræði 1988
HÍ. BA-próf í íslensku HÍ 1991. Framhaldsnám í menntunar- og
uppeldisfræðum með áherslu á stjórnun KHÍ 2002.

Kennari við Gagnfræðaskólann í Mosfellsbæ 1983–1991,
skólastjóri við sama skóla 1991–2000. Skólastjóri Hjallaskóla í
Kópavogi 2001–2002. Bæjarstjóri Mosfellsbæjar 2002–2007.

Bæjarfulltrúi í Mosfellsbæ síðan 2002. Í stjórn Samtaka sveit-
arfélag á höfuðborgarsvæðinu 2002–2007. Í stjórn Slökkviliðs
höfuðborgarsvæðisins 2002–2007. Í stjórn Sambands íslenskra
sveitarfélaga 2002–2007. Í verkefnisstjórn um nýskipan lögreglu-
mála 2003–2005. Í skólamálaráði Brunamálaskólans 2005–2007.
Í stjórnarnefnd um málefni fatlaðra 2006–2007.

Heimili: Hrafnshöfða 35, 270 Mosfellsbæ. S. 566-6688, 861-
4196.

Skrifstofa: Austurstræti 8–10.

Netfang: ragnheidurr@althingi.is



**SIGURÐUR KÁRI
KRISTJÁNSSON**

*8. þm. Reykjavíkurrkjördæmis
norður
Sjálfstæðisflokkur*

Alþm. Reykv. n. síðan 2003 (Sjálfstfl.).

F. í Reykjavík 9. maí 1973. For.: Kristján Ágúst Ögmundsson
(f. 28. ágúst 1943) forstöðumaður og k. h. Elín Þórjónsdóttir
(f. 17. júlí 1946) sjúkraliði. Sambýliskona Birna Bragadóttir (f. 29.

okt. 1974) BA í félagsfræði og háskólanemi. Börn Birnu: Sindri (1995), Salka (2003).

Stúdentspróf VÍ 1993. Lögfræðinám við Kapólska háskólann í Leuven í Belgíu 1997. Lögfræðipróf HÍ 1998. Hdl. 1999.

Starfaði á lögmannsstofu Jóns Steinars Gunnlaugssonar hrl. meðfram laganámi. Fulltrúi á Lex lögmannsstofu 1998–1999, hdl. þar síðan 1999. Stundakennari við Iðnskólann í Reykjavík 2001–2002.

Forseti Nemendafélags Verzlunarskóla Íslands 1992–1993. Formaður Orators, félags laganema, 1995–1996. Framkvæmdastjóri lögfræðiaðstoðar Orators 1997–1998. Fulltrúi stúdenta í háskólaráði fyrir Vöku, félag lýðræðissinnaðra stúdenta, 1995–1997. Í stjórn Heimdallar 1995–1997. Í stjórn Sambands ungra sjálfstæðismanna 1997–1999, formaður 1999–2001. Í miðstjórn og framkvæmdastjórn Sjálfstæðisflokksins 1999–2001. Í stjórn Heimssýnar, hreyfingar sjálfstæðissinna í Evrópumálum, síðan 2002.

Ritstjóri: Í ritstjórn Úlfjóts 1996–1997.

Heimili: Melhaga 16, 107 Reykjavík. S. 551-6964, 894-4433.

Skrifstofa: Austurstræti 8–10.

Netfang: skk@althingi.is

Vefsíða: sigurdurkari.blog.is



SIV FRÍÐLEIFSDÓTTIR
10. þm. Suðvesturkjördæmis
Framsóknarflokkur

*Alþm. Reykn. 1995–2003, alþm. Suðvest. síðan 2003 (Framsfl.).
Formaður þingflokks Framsóknarflokksins síðan 2007.*

*Umhverfissráðherra og samstarfsráðherra Norðurlanda 1999–
2004. Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra 2006–2007.*

F. í Ósló 10. ágúst 1962. For.: Friðleifur Stefánsson (f. 23. júlí 1933) tannlæknir og k. h. Björg Juhlin Árnadóttir (f. 23. júní 1939) kennari. M. Þorsteinn Húnbogason (f. 24. sept. 1960) viðskiptafræðingur. For.: Húnbogi Þorsteinsson og k. h. Jóna Jónsdóttir. Synir: Húnbogi (1985), Hákon (1993).

Stúdentspróf MR 1982. BS-próf í sjúkraþjálfun HÍ 1986.

Sjúkraþjálfari hjá Styrktarfélagi lamaðra og fatlaðra 1986–1988. Sjálfstætt starfandi sjúkraþjálfari í Sjúkraþjálfun Reykjavíkur 1988–1995. Skip. 28. maí 1999 umhverfissráðherra, lausn 23. maí 2003. Skip. 23. maí 2003 umhverfissráðherra; jafnframt samstarfsráðherra Norðurlanda frá 1999, lausn 15. sept. 2004. Skip. 7. mars 2006 heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, lausn 18. maí 2007 en gegndi störfum til 24. maí.

Í stjórn Badmintonsambands Íslands 1984–1985. Í samstarfsnefnd Norræna félagsins og Æskulýðssambands Íslands 1986–1995. Í sambandsstjórn Æskulýðssambands Íslands 1988–1990. Í framkvæmdastjórn Norræna félagsins 1989–1995. Í bæjarstjórn Seltjarnarnesbæjar síðan 1990. Formaður Sambands ungra framsóknarmanna 1990–1992. Í framkvæmdastjórn

Framsóknarflokksins 1990–1992. Í nefnd um velferð barna og unglunga 1992.

Heimili: Bakkavör 34, 170 Seltjarnarnesi. S. 892-7646.

Skrifstofa: Austurstræti 14.

Netfang: siv@althingi.is

Vefsíða: www.althingi.is/siv



STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON

4. *þm.* Norðausturkjördæmis

Vinstri breyfingin – grænt framboð

Alþm. Norðurl. e. 1983–2003 (Alþb., Óh., Vg.), alþm. Norðaust. síðan 2003 (Vg.).

Formaður þingflokks Alþýðubandalagsins 1987–1988.

Landbúnaðar- og samgönguráðherra 1988–1991.

F. á Gunnarsstöðum í Þistilfirði 4. ágúst 1955. For.: Sigfús A. Jóhannsson (f. 5. júní 1926, d. 2. ágúst 2007) bóndi þar og k. h. Sigríður Jóhannesdóttir (f. 10. júní 1926, d. 15. okt. 2007) húsmóðir. K. (18. jan. 1985) Bergný Marvinsdóttir (f. 4. des. 1956) lækni. For.: Marvin Frímansson og k. h. Ingibjörg Helgadóttir. Börn: Sigfús (1984), Brynjólfur (1988), Bjartur (1992), Vala (1998).

Stúdentspróf MA 1976. B.Sc.-próf í jarðfræði HÍ 1981. Próf í kennslu- og uppeldisfræði HÍ 1982.

Vörubifreiðarstjóri á sumrum 1978–1982. Við jarðfræðistörf og jafnframt íþróttafréttamaður hjá Sjónvarpi 1982–1983. Skip.

28. sept. 1988 landbúnaðar- og samgönguráðherra, lausn 23. apríl 1991, en gegndi störfum til 30. apríl.

Fulltrúi nemenda í skólaráði MA 1975–1976. Í Stúdentaráði 1978–1980. Hefur sinnt ýmsum trúnaðarstörfum innan ungmenna- og íþróttahreyfingarinnar. Í stjórnarnefnd Ríkisspítalanna 1983–1987. Kjörinn 1984 í samstarfsnefnd með Færeyingum og Grænlandingum um sameiginleg hagsmunamál. Sat þing Alþjóðaþingmannasambandsins 1984 og 1986. Í Vestnorræna þingmannaráðinu 1985–1988 og 1991–1995. Varaformaður Alþýðubandalagsins 1989–1995. Formaður flokkahópa vinstri sósíalista í Norðurlandaráði síðan 1998. Formaður norræna ráðsins um málefni fatlaðra 1999–2000. Formaður Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs frá stofnun flokksins í febrúar 1999. Í stjórnarskrárnefnd síðan 2005.

Ritstörf: Við öll – íslenskt velferðarsamfélag á tímamótum 2006. Róið á ný mið, sóknarfæri íslensks sjávarútvegs, 1996. Hefur ritað fjölda blaða- og tímaritsgreina.

Lögheimili: Gunnarsstöðum 1, 681 Þórshöfn. S. 468-1258.

Dvalarheimili: Þingaseli 6, 109 Reykjavík. S. 557-2533.

Skrifstofa: Vonarstræti 12.

Netfang: sjs@althingi.is



STEINUNN VALDÍS

ÓSKARSDÓTTIR

*10. þm. Reykjavíkurborgar
norr*

Samfylking

Alþm. Reykv. n. síðan 2007 (Samf.).

F. í Reykjavík 7. apríl 1965. For.: Óskar Valdemarsson (f. 6. okt. 1917, d. 2. jan. 1998) húsasmiður og k. h. Aðalheiður Þorsteinsdóttir (f. 27. júní 1926, d. 13. mars 1978). M. Ólafur Grétar Haraldsson (f. 7. jan. 1965) hönnuður. For.: Haraldur Ólafsson alþm. og Krístrún Auður Ólafsdóttir. Stjúpfaðir Ólafur er Skúli Pálsson. Dóttir: Krístrún Vala (1999).

Stúdentspróf MS 1986. BA-próf í sagnfræði HÍ 1992. Stundaði nám í opinberri stjórnarsýslu við HÍ 2006–2007.

Starfsmaður launaskrifstofu fjármálaráðuneytisins 1986–1987. Starfaði á skrifstofu Kvenfélagasambands Íslands 1992–1996. Borgarfulltrúi í Reykjavík 1994–2007. Framkvæmdastjóri kvennaheimilisins Hallveigarstaða 1996–1998. Borgarstjóri í Reykjavík 2004–2006.

Formaður félags sagnfræðinema við HÍ 1989–1990. Í stúdentaráði Háskóla Íslands 1990–1992. Formaður Stúdentaráðs Háskóla Íslands 1991–1992. Í stjórn Félagsstofnunar stúdenta 1992–1994. Í byggingarnefnd Reykjavíkur 1994–1998. Formaður Íþrótt- og tómstundaráðs Reykjavíkur 1994–2002. Í stjórn Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu 1994–1999. Formaður jafnréttisnefndar Reykjavíkurborgar 1996–1998. Í miðborgarstjórn 1998–2002. Formaður samstarfsnefndar um lögreglu-

málefni 1998–2002. Í skipulags- og umferðarnefnd Reykjavíkur 1998–2002. Í stjórn Árveknis, verkefnisstjórnar um slysavarnir barna og ungmenna, 1998–2002. Annar varaforseti borgarstjórnar 1998–2002, fyrsti varaforseti 2002–2004. Í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur 1998–2004, varaformaður 2002–2004. Í stjórn Lánatryggingasjóðs kvenna 1998–2004. Í borgarráði 1998–2007. Formaður skipulags- og bygginganefndar Reykjavíkur 2002–2004. Í jafnréttisráði 2002–2004. Í samvinnunefnd um svæðisskipulag miðhálandisins 2002–2004. Formaður borgarstjórnarflokks Reykjavíkurlistans 2002–2004. Formaður stjórnar slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins 2004–2006. Formaður almannavarnanefndar höfuðborgarsvæðisins 2004–2006. Í stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga 2002–2007. Í stjórn Landsvirkjunar 2006–2007. Í stjórn Faxaflóahafna síðan 2006. Í framkvæmdaráði Reykjavíkur 2006–2007. Í stjórn Fjölskyldu- og húsdýragarðsins síðan 2006. Í stjórn Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar síðan 2006. Formaður kvannahreyfingar Samfylkingarinnar síðan 2007.

Heimili: Rauðalæk 23, 105 Reykjavík. S. 553-2823, 693-9333.

Skrifstofa: Austurstræti 14.

Netfang: svo@althingi.is



STURLA BÖÐVARSSON
forseti Alþingis
1. þm. Norðvesturkjördæmis
Sjálfstæðisflokkur

Alþm. Vesturl. 1991–2003, alþm. Norðvest. síðan 2003 (Sjálfstfl.).

Vþm. Vesturl. febr.–mars 1984, apríl, okt.–nóv. 1985, apríl 1986, nóv.–des. 1987, landsk. vþm. jan.–febr. 1987.

2. varaforseti Alþingis 1991–1992 og 1995–1999, 4. varaforseti Alþingis 1992–1995. Forseti Alþingis síðan 2007.

Samgönguráðherra 1999–2007.

